

Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Frá l. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Íslensk erfðagreining hefur rutt braut fyrir nýja hátækni framleiðslu á sviði lífvísinda hér á landi. Um 600 hálaunuð hátæknistörf skipta miklu máli fyrir þjóðarbúið. Íslensk erfðagreining er ekki síst mikilvægt fyrirtæki fyrir þá sök að það gefur ungu hámenntuðu fólki kost á að snúa heim til starfa við sitt hæfi í stað þess að ilengjast ytra að loknu námi. Engum dylst að æskilegt er að slíkum störfum fjölgi á Íslandi og að lagður verði grunnur að nýjum greinum og fyrirtækjum á sviði hátækni, þar á meðal lífvísinda og lyfjaþróunar.

Skýr takmörk eru þó sett fyrir því hversu langt hið opinbera getur gengið til að laða fjármagn í þeim greinum til Íslands. Æskilegast er að örva eflingu hátæknigreina með almennum hætti, þar sem settar eru almennar reglur sem auðvelda starfsumhverfi slíkra greina, eða fyrirtækja, á jafnréttisgrunni. Jafnaðarmenn telja þó að við vissar aðstæður sé réttlætlanlegt að grípa til sértækra tímabundinna aðgerða ef almenn samstaða næst um að þær þjóni tilgangi sem er afar nauðsynlegur fyrir þjóðarbúið, áhætta skattborgaranna sé ásættanleg og hana sé hægt að meta, nægur tími gefist til að skoða slík mál út í hörgul, og óskráðar reglur um jafnræði séu ekki brotnar.

Á þeim skamma tíma sem þingmönnum hefur gefist til að brjóta til mergjar tillögu ríkisstjórnarinnar um 20 milljarða kr. einfalda ríkisábyrgð til deCode höfum við síður en svo getað sannreynt að tillagan uppfylli þessi skilyrði.

1. Það er harðlega gagnrýnisvert hve lítill tími var veittur til að kryfja málið í efnahags- og viðskiptanefnd. Þeim sem leitað var til varðandi upplýsingar gafst í fæstum tilvikum nægur tími til að meitla þær í ritaðan texta. Til marks um hvaða áhrif þetta hafði á áreiðanleika umsagna má nefna að stöku umsagnaraðila, svo sem Verslunarráði, tókst að hafa eina umsögn á fundi nefndarinnar en aðra í fjölmiðlum. Við slíkar aðstæður er erfitt að móta hlutlæga afstöðu til flókens máls sem þessa. Þingmenn eru því settir í algjörlega óviðunandi stöðu. Þessi vinnubrögð í svo flóknu máli voru því fráleitt fallin til þess að efla virðingu fyrir vandvirkni Alþingis.
2. Áhættan sem felst í ábyrgðinni virðist mjög mikil. Lyfjaþróunargeirinn er með áhættusömstu atvinnugreinum veraldar, miðað við gögn sem lögð voru fram í nefndinni. Þróun lyfs tekur að meðaltali um 10 ár. Í svörum við skriflegum spurningum nefndarmanna Samfylkingarinnar (sjá fylgiskjöl I–II) kom þó fram að hægt er að stýra áhættunni nokkuð með því að selja lyfjaþróunarverkefni frá fyrirtækinu á mismunandi stigum og jafnframt að taka við slíkum verkefnum frá öðrum fyrirtækjum. Þetta felur í sér tvöns konar ávinning: Í fyrsta lagi er áhættu dreift milli fyrirtækja í greininni og í öðru lagi byrja tekjur að koma löngu áður en þróun lyfs er lokið. Þessi áhættudreifing breytir ekki hinu að ábyrgðin, sem óskað er eftir, er hlutfallslega miklu hærri en í dæmum af samsvarandi ríkisábyrgðum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Eins og fyrr segir er greinin þar að

auki meðal hinna áhættusömustu. Frumskilyrði þess að hægt sé að fallast á slíka ábyrgð er því að fyrir liggi áhættumat af hálfu traustra greinenda á markaði. Gildir þá einu þótt fjármálaráðuneyti telji fjárhagsstöðu fyrirtækisins mjög sterka og skuldsetningu litla. Áhættumat er eigi að síður forsenda upplýstrar ákvörðunar um mál af þessum toga. Ekkert áhættumat var lagt fram, þrátt fyrir ítrekaðar óskir fulltrúa Samfylkingarinnar í efnahags- og viðskiptanefnd. Það er einfaldlega óásættanlegt þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi fyrir skattborgarana.

3. Allsendis óljóst er hvort frumvarpið fullnægi jafnræðisreglum og þar með hvort það komist í gegnum nálarauga Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Við meðferð málsins kom að sönnu fram að Evrópusambandið hvetur ríkisstjórnir aðildarlanda til að ýta undir lyfjaþróun með og án tilstilli erfðagreiningartækni þar sem álfan hefur farið halloka fyrir Bandaríkjunum á þessu sviði. Jafnframt var leitt fram dæmi um einstakt fyrirtæki sem hafði hlotið ríkisstyrk með samþykki ESA vegna verkefnis sem flokkað var undir „Rannsóknir og þróun“. Sömu skilgreiningar hyggst ríkisstjórnin freista um ábyrgðina handa deCode. Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni voru veittar eru forsendur fyrir því að um sé að ræða algjöra nýjung, sem ekkert annað fyrirtæki ástundi. Nefndinni gafst að sönnu ekki tími til að rannsaka svo flókið mál svo nokkru næmi, og knappur vilji var innan meiri hluta hennar fyrir að kanna hvort fleiri fyrirtæki hér á landi, þótt smærri væru, kynnu að róa á sömu, eða svipuðum miðum, og Íslensk erfðagreining. Skammvinn rannsókn leiddi þó líkur að því að fyrirtækið Lyfjaþróun kynni að vera í náskyldri framleiðslu nú þegar. Ekki reyndist grundvöllur fyrir því innan nefndarinnar að Lyfjaþróun fengi að svo stöddu svipaða fyrirgreiðslu og deCode. Í því ljósi hlýtur að leika verulegur vafi á að frumvarpið sé í anda jafnræðisreglna íslensks og evrópsks réttar.

Sérlega ámælisvert er svo að dómi þingmanna Samfylkingarinnar í nefndinni að tiltölulega nýlegum lögum frá 1997 um ríkisábyrgðir er vikið til hliðar, svo að segja í heilu lagi, til að auðvelda samþykkt ábyrgðarinnar. Að vísu er haldið í 5. gr. laganna um afskriftareikning vegna veittra ábyrgða og að hann skuli jafnan gefa raunhæfa mynd af áætluðum afskriftum vegna ábyrgða sjóðsins. Svo virðist sem tilgangurinn sé sá einn að koma ríkisstjórninni undan þeirri kvöð laganna að Ríkisábyrgðasjóður skuli leggja mat á greiðsluhæfi skuldara, afskriftaþörf, tryggingar og áhrif á samkeppni á viðkomandi sviði. Raunar er í þeim lögum einnig kveðið á um að ríkissjóður megi ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema ábyrgðarþegi leggi fram viðeigandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs og ekki sé hægt að fullnægja lánsþörf viðkomandi á almennum lánamarkaði. Hér er sannarlega um slæmt fordæmi að ræða og setur málið í heldur ónotalegt ljós.

Af ofangreindum ástæðum getur Samfylkingin ekki stutt málið. Aðdragandi þess og eðli er með þeim hætti að ríkisstjórnin verður ein að bera ábyrgð á afdrifum þess á Alþingi.

Alþingi, 22. apríl 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir,
frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Fylgiskjal I.

**Svör fjármálaráðuneytis við spurningum
Jóhönnu Sigurðardóttur og Össurar Skarphéðinssonar.
(16. apríl 2002.)**

Svar við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur:

1. *Hve mikið er í afskriftasjóði vegna ríkisábyrgða og hve mikið hefur verið greitt út úr sjóðnum á síðustu árum?*

Greiðslur vegna gjaldfallinna ríkisábyrgða, gjaldfærslur vegna afskrifta og stöðu afskriftareiknings í árslok árin 1998-2001 (í millj. kr.):¹

	1998	1999	2000	2001
Greiðslur v. gjaldf. áb.	35	0	0	0
Gjaldfærðar afskriftir	46	4	0	0
Staða afskriftar. í árslok	20	20	1	1

Ekki hefur verið tekin afstaða til gjaldfærslu vegna afskrifta á árinu 2001 þar sem unnið er að endurskoðun.

2. *Í hvaða löndum Evrópu og í hvaða atvinnugreinum hefur verið veitt ríkisábyrgð af sömu stærðargráðu sem hlutfall af landsframleiðslu til eins aðila á einkamarkaði eins og hér er um að ræða?*

Í gagnagrunnum framkvæmdastjórnar ESB má sjá að á árunum 2000 til 2001 tilkynntu aðildarríkin framkvæmdastjórninni um 43 ríkisábyrgðir, sem ríkisaðstoð. Er þar um að ræða ríkisábyrgðir af ólíku tagi og í ýmsum atvinnugreinum. Ekki liggur fyrir sundurgreining eftir atvinnugreinum, hlutfalli af landsframleiðslu eða hvort hvort viðkomandi ríkisaðstoð var samþykkt af framkvæmdastjórninni.²

Rétt er að geta þess að við mat á hvort ríkisábyrgð sé lögmæt ríkisaðstoð er ekki horft sérstaklega á fjárhæð ríkisábyrgðarinnar heldur til þess hversu há prósentu sjálf ríkisaðstoðin er af heildarfjárfestingarkostnaði.

Dæmi um ríkisábyrgðir til eins aðila á einkamarkaði veittar á árunum 2000 til 2001 eru eftirfarandi:

¹ Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisábyrgðarsjóði.

² Sjá vefslóð framkvæmdastjórnarinnar:

http://europa.eu.int/comm/competition/state_aid/register/

8. maí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin ríkisaðstoð til Philipp Holzmann AG, þýsks byggingarfyrirtækis, í formi ríkisábyrgðar á 76.7 m. Evra. Heildarfjárfestingarkostnaður var að fjárhæð 1.5 billjón Evra.

18. júlí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin 27.6 milljón Evra ríkisaðstoð til Kartogroup Deutschland GmbH, m.a. í formi ríkisábyrgðar vegna uppsetningar verksmiðju. Heildarfjárfestingarkostnaður var 85 m. Evra og var aðstoðin í formi ábyrgðar á 35% af heildarfjárfestingarkostnaði.

8. maí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin ríkisaðstoð til rannsókn- og þróunarverkefni, í formi styrks, ríkisábyrgðar og láns, til Mikroelektronik Center í Danmörku að fjárhæð 6.7 m. Evra.

Dæmi um ríkisaðstoð, ekki í formi ríkisábyrgðar, til einstakra fyrirtækja á sviði lyfjaiðnaðar:

8. maí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin fjárfestingarstyrk til Wacker Chemie GmbH í Þýskalandi að fjárhæð 119 m. Evrur. Um var að ræða 26% af heildarfjárfestingarkostnaði og var áætlað að verkefnið hefði í för með sér 275 ný störf.

18. júlí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin fjárfestingaraðstoð til lyfjafyrirtækisins Hellenic Petroleum í Grikklandi að fjárhæð 38 m. Evrur til uppbyggingar nýrrar starfsemi. Var áætlað að verkefnið skapaði 170 ný störf. Var ríkisaðstoðin 31% af heildarfjárfestingarkostnaði.

26. júlí 2000 heimilaði framkvæmdastjórnin R&D ríkisaðstoð sem austurrísk stjórnvöld veittu til Boehringer til lyfjaþróunar vegna krabbameinsrannsókna og fleiri sjúkdóma.

3. *Óskað er eftir að fá upplýst um tekjuáætlanir fyrirtækisins á þeim tíma sem ríkisábyrgðin varir og áætlanir að baki fjárhags- og hagkvæmnisútreikningum þessa verkefnis? (í trúnaði ef ekki vill betur)*

Gert er grein fyrir stöðu deCODE og dótturfélaga í ársskýrslu 2001 sem nýlega var birt. Einnig liggja fyrir greiningarskýrslur á grundvelli þessa uppgjors svo og eldri skýrslur þar sem farið er yfir rekstur og horfur til lengri tíma. Í þessum gögnum kemur fram að rekstur félagsins er í samræmi við áætlanir sem kynntar hafa verið.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er gert ráð fyrir því að tekjumyndun lyfjaþróunardeildar ÍE geti verið með þrennum hætti:

- Með sölu á efnasamböndum og rannsóknum á mismunandi stigum til annarra lyfjaþróunarfyrirtækja.
- Með samstarfssamningum við þriðja aðila.
- Með þróun á efnasamböndum frá þriðja aðila.

Tekjuáætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir að tekjumyndun verði á öllum þessum stigum á ábyrgðartímanum. Ákvörðun um samstarf við aðra aðila eða sölu á efnasamböndum eða rannsóknum, verður tekin með tilliti til árangurs í starfseminni og stöðu rekstrar. Tekjumyndunarmöguleikar gefa þannig svigrúm til að annars vegar mæta fjárhörf vegna verkefnisins og hins vegar að taka aukinn þátt í verðmætasköpun vegna lyfjaþróunarinnar.

4. *Hvernig mun fyrirtækið fjármagna þá 15 milljarða sem á vantar til að brúa þessa fjárfestingu og hvernig skiptast þessar 35 milljarðar milli fjárfestingu og rekstrar?*

Eftirfarandi er kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar lyfjapróunardeildar ÍE.

deCODE genetics Inc.
Drug development division.

Financing schedule, 2002 - 2008, (ISK, Millions) - ESTIMATED

Employees	50 2002E	200 2003E	300 2004E	300 2005E	300 2006E	300 2007E	300 2008E	Total
OPERATING EXPENSES								
Salary and expenses	347	1.180	2.104	2.104	2.104	2.104	2.104	12.049
Chemical and consumables	103	378	600	600	600	600	600	3.480
Contractor services	29	59	112	117	1.132	2.147	3.147	6.743
Overhead expenses	27	83	121	112	125	125	125	716
TOTAL OPERATING EXPENSES	506	1.698	2.937	2.933	3.961	4.976	5.976	22.988
INTEREST								
Interest expenses	585	1.170	1.170	1.170	1.170	1.170	585	7.020
Interest income	-240	-499	-308	-275	-242	-176	-78	-1.819
INTEREST, NET	345	671	862	895	928	994	507	5.201
INVESTMENTS								
Building	1.000	2.750	50	50	50	50	50	4.000
HTS, Chemistry equipment	1.000	1.000	200	200	200	200	200	3.000
IT infrastructure and other	500	250	50	50	50	50	50	1.000
TOTAL INVESTMENTS	2.500	4.000	300	300	300	300	300	8.000
TOTAL CASH BURN	3.351	6.369	4.099	4.128	5.189	6.270	6.783	36.189

Af heildarfjárfestingarþörfinni, u.þ.b. 35 milljörðum ISK, er gert ráð fyrir að fjárfesting í húsnæði og búnaði verði um 8-10 milljarðar en önnur útgjöld 25-27 milljarðar króna. Gert er ráð fyrir því að þeir 15 milljarðar sem uppá vantar verði fjármagnaðir með tekjum af starfseminni, eiginfjárframlögum og lánum. Hlutfall hvers þáttar í fjármögnuninni ræðst af gengi verkefna og stöðu fyrirtækisins í heild sbr. svar við fjórðu spurningu.

5. *Bið um lýsingu á veði og tryggingum að baki ríkisábyrgðinni, og hvað eignir fyrirtækisins eru þegar mikið veðsettar? Hvert má áætla ábyrgðargjaldið miðað við almennt ákvæði ESA um ríkisaðstoð og sérákvæðið sem gildir um þróunar og vísindaverkefni?*

Að baki einfaldri ábyrgð eins og kveðið er á um í frumvarpinu liggur full skuldaábyrgð útgefanda þannig að ábyrgðaraðili er ekki skyldur til að inna sína greiðslu af hendi nema skuldareigandi hafi árangurslaust reynt að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara t.d. með árangurslausu fjárnámi. Í þessu felst að allt fyrirtækið er lagt að veði fyrir skuldinni, þ.m.t. hugvit og einkaleyfi. Samkvæmt ársreikningi 2001 var eigið fé félagsins 175 m. USD og frjálsar og bundnar bankainnistæður 167 m. USD. Veðbönd sem hvíla á húsum og búnaði eru nú að fjárhæð 47 m. USD.

Sérstakar reglur gilda um ríkisaðstoð til R&D verkefna samkvæmt EES-samningnum. Ríkisaðstoð á þessu sviði getur t.a.m. verið í formi beinna fjárstyrkja eða ríkisábyrgða. Um ríkisábyrgðir til R&D verkefna gilda almennt minni kröfur um greiðslu iðgjalds fyrir ríkisábyrgðina en ef um almenna ríkisábyrgð væri að ræða enda heimilt að veita beina fjárstyrki til slíkra verkefna.

Í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð er ekki að finna nánari skilgreiningar á því hvað ábyrgðargjaldið skuli vera, heldur ber að meta það í hverju máli fyrir sig. Erfitt er því, á þessu stigi, að áætla nánar ábyrgðargjaldið miðað við almenn ákvæði EES um ríkisaðstoð og sérákvæði sem gilda um R&D. Eins og segir í greinargerð með frumvarpinu mun ákvörðun um gjaldtöku fyrir ríkisábyrgðina m.a. ráðast af því hvers eðlis ríkisaðstoðin sem í frumvarpinu felst verður talin.

6. *Hvaða líkur eru á að fyrirtækið geti fengið lánaþyrirgreiðslu erlendis fyrir þessari fjárfestingu og hvað má áætla að mismunur sé á þeim lánaþyrirgreiðslum sem það gæti fengið erlendis og lán með 20 milljarða ábyrgð íslenska ríkisins?*

Fyrirtækið myndi að öllum líkindum fara aðrar leiðir við fjármögnun starfseminnar ef hún yrði staðsett í USA og þá yrði sérstaklega horft til þess að kaupa eða yfirtaka fyrirtæki í lyfjaþróun og greiða með hlutfé í deCODE. Nýleg kaup á MediChem er dæmi um útfærslu af þessu tagi, þó rétt sé að taka fram að starfsemi sameinaðs fyrirtækis MediChem og deCODE nær í dag einungis yfir hluta af því heildarferli lyfjaþróunar sem ætlað er að koma á fót með stofnun nýrrar lyfjaþróunardeildar á Íslandi. Mjög erfitt væri að fjármagna uppbyggingu starfseminnar á alþjóðlegum markaði ef hún yrði staðsett á Íslandi og því óhægt að áætla mismun á lánaþyrirgreiðslum.

7. *Var gengið úr skugga um að fyrirtækið gæti ekki fengið lánaþyrirgreiðslu á markaði hér innanlands eða erlendis, áður en vilýrði voru gefin af hálfu ríkisvaldsins fyrir ríkisábyrgð?*

Hugmyndir um fjármögnun sem kynntar eru í frumvarpinu gera ekki ráð fyrir því að um hefðbundna lánsfjármögnun verði að ræða heldur verði lögð áhersla á skuldabréf með breytingu í hlutfé skv. tilteknum skilmálum. Þetta þýðir að sá hópur fjárfesta sem leitað verður til með fjármögnun verður fjárfestar sem sérhæfa sig á þessu sviði.

Stærð verkefnisins veldur því að ekki er talið líklegt að innlendir lánveitendur eða fjárfestar gætu séð um fjármögnun af því tagi sem hér er um að ræða. Erlendir lánsfjár- og hlutabréfamarkaðir eru einnig erfiðir um þessar mundir til fjármögnunar á verkefnum á þessu sviði vegna almenns samdráttar í efnahagslífi og afleiðinga atburðanna 11. september. Því er líklegt að bein lánsfjármögnun án ríkisábyrgðar yrði fyrirtækinu það óhagstæð að álitamál yrði hvort það sæi sér hag í að fara þá leið.

8. *Í hve langan tíma getur ríkisábyrgðin lengst verið samkvæmt þessari heimild og af hverju er það ártal ekki sett inni frumvarpsgreinina?*

Frumvarpið fastsetur ekki ábyrgðartíma en samkvæmt greinargerðinni er gert ráð fyrir að hann verði allt að 7 árum. Ábyrgðartíminn grundvallast annars vegar á því að fyrirtækið hafi svigrúm til að sýna fram á árangur af starfseminni og hins vegar af kjörum á markaði. Gert er ráð fyrir að skuldabréfin verði öll gefin út í upphafi lánstímans og því vari ábyrgðartíminn í mesta lagi sjö ár frá útgáfudegi.

9. *Hvað má áætla að núverandi eigið fé og áætlaðar tekjur dugi lengi til að reka fyrirtækið án nýrra innspýtingar eða aðgerða til að styrkja reksturinn?*

Samkvæmt greiningarskýrslum er áætlað að frjálsar og bundnar bankainnistæður (167 m. USD) séu nægjanlegar til reksturs núverandi starfsemi a.m.k. í 3 ár vegna núverandi starfsemi. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir að fyrirtækið verði rekið með hagnaði.

Samkvæmt áætlun fyrirtækisins, sbr. svar 4., er gert ráð fyrir að lánsfjármögnun vegna nýrrar starfsemi samsvari kostnaði næstu 4 árin. Eins og gerð hefur verið grein fyrir er gert ráð fyrir að innan þess tíma verði einnig um að ræða tekjumyndun af verkefnum, eiginfjárframlag og/eða nýjar lántökur.

10. Með hvaða rökum stenst þessi ríkisábyrgð jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar?

Rannsókn- og þróunarverkefni sem lagt er til að ríkisábyrgðin verði veitt til sérhæft verkefni sem gerir fyrirtækinu kleift að fara út í nýjar rannsóknir á sviði sem framkvæmdastjórn ESB hefur opinberlega hvatt til að aðildarríki veiti stuðning.

Eins og getið er um í athugasemdum frumvarpsins er um að ræða sérhæft verkefni sem byggir á uppgötvunum og rannsóknum í lýðerfðafræði sem ekki eru stundaðar hér á landi. Helstu rök fyrir aðkomu ríkisins eru að öðru leyti reifuð í kafla 5.3 í almennum athugasemdum frumvarpsins.

Ákvæði EES samningsins um ríkisaðstoð mynda almennar reglur um heimildir til ríkisaðstoðar eins og lögð er til í frumvarpinu. Álitid er að ríkisábyrgð sú sem veitt er með frumvarpi þessu uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar til rannsókn- og þróunarverkefnis. Af þessu leiðir að talið er að frumvarpið uppfylli skilyrði ríkisaðstoðar skv. samningum m.a. er varðar jafnræði og samkeppni.

Svar við spurningum Össurar Skarphéðinssonar

1. Rökstuðningur fyrir að ábyrgðin gangi upp sem R&D ríkisaðstoð.

Í leiðbeiningarreglum ESA um ríkisaðstoð er nefnd nokkur atriði sem hafa ber til hliðsjónar þegar metið er hvort tiltekin ríkisaðstoð geti verið skilgreind sem lögmæt ríkisaðstoð til rannsóknar og þróunarverkefnis. Hafa ber í huga að í leiðbeiningarreglunum kemur fram að ESA lítur slíka ríkisaðstoð almennt jákvæðum augum.

Eins og kemur fram í frumvarpinu er ríkisábyrgðin veitt til nýrrar starfsemi ÍE ehf. á sviði lyfjapróunar. Það er eitt af skilyrðum þess að ríkisaðstoð geti talist til rannsóknar- og þróunarverkefnis að um nýja starfsemi hjá viðkomandi fyrirtæki sé að ræða, þ.e. að fyrirtækið sé að víkka út starfsemi sína og fara út á nýjar brautir.

Verkefnið fellur vel að þeim yfirlýstu markmiðum framkvæmdastjórnar ESB að stjórnvöld ýti undir rannsóknar- og þróunarverkefni í líftækniíðnaði til að Evrópska efnahagssvæðið verði samkeppnishæfara á því sviði. Er það í samræmi við ákvæði 3. mgr. 61. gr. EES samningsins þar sem heimiluð er aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum. Einnig má benda á ákvæði 157. og 163. gr. Rómarsamningsins þar sem hvatt er til þess að aðildarríki styðji við rannsóknar- og þróunarverkefni til að bæta samkeppnisstöðu Evrópu á því sviði.

Með hliðsjón af ofangreindu og þess hvers eðlis verkefnið er metur fjármálaráðuneytið það svo að efni frumvarpsins falli að reglum ESA um ríkisaðstoð til rannsóknar- og þróunarverkefnis og verður hún því tilkynnt ESA sem slík.

2. Rökstuðningur ESB fyrir ríkisaðstoð á sviði rannsóknar- og þróunar.

Fjöldamörg gögn eru til sem sýna fram á að samkeppnishæfni evrópsks líftækniíðnaðar sé slök í alþjóðlegu tilliti. Í opinberum gögnum frá ESB (m.a. í drögum að s.k. Community Framework for State Aid for Research and Development) kemur fram að aðildarríki ESB veiti minna fjármagni en helstu samkeppnisaðilar í rannsóknar- og þróunarverkefni. Nánar tiltekið kemur þar fram að fjárframlög til rannsóknar- og þróunarverkefna (R&D-expenditure) árið 2000 hafi verið 1.90% af vergri landsframleiðslu (GDP) í Evrópu á meðan það hlutfall hafi verið 2.64% í Bandaríkjunum og 3.04% í Japan. Evrópskur líftækniíðnaður er talinn "significantly lagging behind" Bandaríkjunum og að munurinn sé að aukast.

Í skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá 2001 um samkeppnishæfni evrópsks lyfjaiðnaðar ("The competitiveness of European biotechnology") er þetta ítrekað og fjallað um forskot Bandaríkjanna sem m.a. stafar af betra aðgengi að fjármagni og stöðstarfsemi.

Vegna þessa hefur ESB lagt sérstaka áherslu á eflingu þessa iðnaðar og að stjórnvöld noti þau verkfæri sem þau hafa til að ýta undir hann, þ.m.t. ríkisaðstoð.

Sem dæmi má nefna úrskurð framkvæmdastjórnarinnar þess efnis að heimila belgískum stjórnvöldum að veita ríkisaðstoð til fyrirtækisins Smith Kline Biologicals AS til rannsóknar- og þróunarverkefnis. Var ríkisaðstoðin samþykkt á þeim rökum að líftækniíðnaðurinn í Evrópu stæði höllum fæti í alþjóðlegri samkeppni ("significantly lagging behind").

Önnur nýleg dæmi um sérstaka ríkisaðstoð til fyrirtækja í lyfjaiðnaði eru:

8. maí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin fjárfestingarstyrk til Wacker Chemie GmbH í Þýskalandi að fjárhæð 119 m. Evrur. Um var að ræða 26% af heildarfjárfestingarkostnaði og var áætlað að verkefnið hefði í för með sér 275 ný störf.

18. júlí 2001 heimilaði framkvæmdastjórnin fjárfestingaraðstoð til lyfjafyrirtækisins Hellenic Petroleum í Grikklandi að fjárhæð 38 m. Evrur til uppbyggingar nýrrar starfsemi. Var áætlað að verkefnið skapaði 170 ný störf. Var ríkisaðstoðin 31% af heildarfjárfestingarkostnaði.

26. júlí 2000 heimilaði framkvæmdastjórnin R&D ríkisaðstoð sem austurrísk stjórnvöld veittu til Boehringer til lyfjapróunar vegna krabbameinsrannsókna og fleiri sjúkdóma.

Auk þess má benda á eitt dæmi þar sem framkvæmdastjórnin hafnaði því að veita ríkisaðstoð til lyfjapróunarfyrirtækis þar sem ekki var um nýja starfsemi að ræða. Í því máli var austurrískum stjórnvöldum meinað að veita Hoffmann La Roche ríkisaðstoð til lyfjapróunar þar sem lyfjapróun gegndi þegar aðalhlutverki í starfsemi fyrirtækisins. Ríkisaðstoðin beindist því í raun að því að fyrirtækið héldi áfram óbreyttri starfsemi en færði ekki út starfsemi sína en það fellur ekki saman við leiðbeiningarreglur ESA um ríkisaðstoð til rannsóknar og þróunar eins og greinir að ofan.

Fylgiskjal II.

**Svör fjármálaráðuneytis við spurningum
Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundar Jónassonar.
(17. apríl 2002.)**

Svar við spurningum Jóhönnu Sigurðardóttur og Ögmundar Jónassonar .

Ýmsar upplýsingar sem beðið var um á fundi nefndarinnar 16. apríl.

1. Samantekt úr ársskýrslu deCODE :

Í þús. USD

Rekstrarreikningur

	1999	2000	2001
Tekjur	16.591	21.545	31.551
Rekstrargjöld	41.434	61.115	84.198
Hagnaður/tap fyrir fjármagnsliði	-24.843	-39.570	-52.647
Fjármunatekjur	2.188	8.867	6.924
Óregluleg gjöld	-1.133	-415	-2.115
Hagnaður/tap	-23.788	-31.118	-47.838

Efnahagsreikningur

	2000	2001
Eignir		
Sjóður og innistæður	194.145	167.061
Viðskiptakröfur	14.482	26.043
Fastafjármunir	40.273	63.255
Samtals eignir	248.900	256.359

Skuldir

Skammtímaskuldir	29.112	34.739
Langtímaskuldir	3.519	46.278
Eigið fé	216.269	175.342
Skuldir og eigið fé samtals	248.900	256.359

Sjóðsstreymi	1999	2000	2001
(Tap) hagnaður ársins	-23.788	-31.118	-47.838
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	11.598	17.922	18.119
Breyting á rekstrar tengdum eignum og skuldum	393	-2.929	8.249
Handbært fé til rekstrar	-11.797	-16.125	-21.470
Keyptir fastafjármunir	-2.885	-15.469	-47.680
Önnur fjárfesting	-101	-972	-10
Fjárfestingarhreyfingar	-2.986	-16.441	-47.690
Hlutfé	21.460	199.082	651
Nýjar langtímaskuldir	0	0	29.200
Afborganir af fjármögnunarlögusamningum	-1.907	-2.217	-1.774
Fjármögnunarhreyfingar	19.553	196.865	28.077
Hækkun/lækkun handbærs fjár	4.770	164.299	-41.084
Handbært fé í upphafi árs	25.076	29.846	194.145
Handbært fé í lok árs	29.846	194.145	153.061

Meðfylgjandi er fréttatilkynning félagsins sem send var út samhliða birtingu ársuppgjörns í mars sl.

2. Samningar við Roche.

Um er að ræða þrjá meginsamninga við Roche:¹

- Samning frá febrúar 1998 um meingenaleit. Samningurinn var til allt að fimm ára þ.e. að lágmarki þriggja ára en framlengjanlegur í allt að 2 ár til viðbótar. Í samningnum er kveðið um að greiðslur Roche verði annars vegar USD 70 milljóna framlag til rannsókna og hins vegar USD 130 milljónir í árangurstengdar greiðslur.
- Samning við Roche Diagnostics frá því í júní 2001 á sviði greiningartækja sem er svið sem fyrirtækin höfðu ekki starfað saman á áður.
- Samning frá því í janúar/febrúar 2002 sem kemur í staðinn fyrir og yfirtekur 1. samninginn frá því í febrúar 1998 og tekur í raun við af honum.

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu er áætlað verðmæti samninga a) og b) allt að USD 500 milljónir.

Eftirfarandi er yfirlit yfir tekjur deCODE frá Roche og samanburður við heildartekjur.

	1998	1999	2000	2001
Heildartekjur skv. rekstrarreikningi	12.705	16.591	21.545	31.551
Tekjur frá Roche	12.705	15.776	20.693	25.158

¹ Sjá nánar meðfylgjandi fylgiskjal 1.

3. Hluthafar

Skráð almenningshlutafélög í Bandaríkjunum eins og deCODE lúta reglum varðandi hluthafaskrá sem eru þannig að fullkomin nafnleynd ríkir um eigendur hlutabréfanna utan þess að fyrir hlutahafafundi geta hluthafar í samræmi við tilteknar reglur, óskað eftir upplýsingum úr hluthafaskrá enda liggi fyrir beiðninni gildar ástæður. Félagið sjálf hefur ekki beinan aðgang að rafrænum hluta hluthafaskrárinnar ólíkt því sem gerist hér á landi, heldur hafa viðkomandi miðlarar einir upplýsingar um það hverjir eru þeirra viðskiptavinir.

Hins vegar hvílir tilkynningaskylda á félaginu og hluthöfum þess að upplýsa um eignarhald og breytingar á eignarhaldi þeirra sem teljast til innherja eða þegar eignarhlutur hefur farið yfir tiltekin mörk. Meðfylgjandi er afrit af lista vegna síðasta aðalfundar þar sem tilgreindir eru þessir aðilar ásamt stærð eignarhlutar (Proxy statement).


4. Hver eru tengsl deCODE og MediChem Life Sciences og hvaða fjárhagsleg áhætta er fölgín í þeim?

Kaupin á MediChem fóru þannig fram að greitt var með útgáfu nýrra hlutabréfa í deCODE og verður félagið rekið sem sjálfstætt dótturfélag. Fyrirtækið mun áfram stunda starfsemi á sviði efnafræði með sölu á þjónustu á grundvelli þegar gerðra samninga við ýmis lyfjafyrirtæki. Jafnframt mun fyrirtækið þjóna nýrri lyfjaþróunardeild ÍE á sviði efnafræði.


Samkvæmt greiningaskýrslum er talið að samningur um kaup á MediChem hafi ekki í för með sér mikla áhættu fyrir deCODE þar sem félagið er vel fjármagnað og hefur öruggar tekjur.

5. Gengi hlutabréfa deCODE

Yfirlit yfir gengisþróun hlutabréfa deCODE inc. á Nasdaq:



Samanburður á gengi deCODE og Nasdaq vísitölunnar:



6. Mat á áhættu

Við mat á áhættu vegna ábyrgðarinnar hefur, í ljósi þeirra skilmála sem kynntir hafa verið í frumvarpinu, verið farin sú leið að lita annars vegar til stöðu núverandi starfsemi og hins vegar til nýrrar starfsemi á sviði lyfjapróunar.

Umfangsmiklar upplýsingar eru fyrir hendi um rekstrarlega stöðu deCODE sem m.a. koma fram í árskýrslum sl. ára og skýrslum greiningaraðila á markaði. Ef litið er til ársreikninga félagsins er ljóst að fjárhagsleg staða er sterk sem sýnir sig í góðri eiginfjárstöðu, lítilli skuldsetningu og sterkri lausafjárstöðu sem nægir til að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækisins til a.m.k. 3 ára. Langtímaáætlanir greiningarfyrirtækja gera ráð fyrir að á þeim tíma verði reksturinn farinn að skila afgangi. Byggt á þessum upplýsingum verður að telja að núverandi starfsemi feli ekki í sér mikla áhættu á allra næstu árum.

Fyrirtækið hefur markað þá stefnu að taka frekari þátt í verðmætasköpun vegna þeirra uppgötvana og rannsókna sem það hefur unnið að á sviði lýðerfðafræði. Þetta hefur í för með sér umtalsverðan kostnað við að koma starfseminni á fót og þýðir jafnframt að áhættan verður meiri. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu eru þessar rannsóknir m.a. á erfðavísu sem eru orsakavaldar í meingerð geðklofa, heilablóðfalls og æðakölkunar svo dæmi séu tekin. Í sumum tilfellum hefur einangrun þessara erfðavísa leitt til þess að fundin hafa verið ný lyfjamörk sem hægt er að vinna með við áframhaldandi lyfjapróun. Þannig liggja nú þegar fyrir ákveðin verðmæti í starfseminni sem hægt verður að þróa áfram.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir er gert ráð fyrir að kostnaðurinn við hina nýju starfsemi verði 350 m. USD sem skiptist þannig að 200 m. USD verði fjármagnað með útgáfu skuldabréfa en það sem uppá vantar verði fjármagnað með tekjum af

starfseminni, eiginfjárframlögum og lánnum. Fjármögnun með þessum hætti tryggir rekstur hinnar nýju starfsemi næstu 7 árin til að vinna að frekari uppgötvunum og þróun á grundvelli fyrirbyggjandi rannsóknaniðurstaðna.

Sú staðreynd að tekjumyndun er ekki bundin við endanlegar niðurstöður tiltekinna verkefna heldur er hægt að innleysa tekjur á mismunandi stigum, leiðir til þess að áhætta vegna starfseminnar í heild minnkar.² Í samræmi við þetta hafa ráðuneytinu verið kynntar áætlanir sem byggja á mismunandi forsendum hvað tekjumyndun varðar.

Umbreytingarskilmálar hlutabréfanna eins og þeir hafa verið kynntir í frumvarpinu og á fundum nefndarinnar, hafa áhrif á áhættu vegna verkefnisins í heild. Sala skuldabréfanna með þessum hættum mun beinast að ákveðnum hóp fjárfesta enda leitar félagið eftir langtímafjárfestum.

Fram kemur í frumvarpinu að áður en gengið verður frá ábyrgðinni að gerður verði samningur milli deCODE og ÍE þar sem skilgreind verður m.a. ráðstöfun fjármagnsins, staðsetning verkefnisins, ábyrgð ÍE og aðrir þættir sem miða að því að tryggja hagsmuni ríkisins sem ábyrgðarveitanda. Í samningum milli aðila verður einnig skilgreint hvernig farið verður með eftirlit, upplýsingaskyldu ofl. er lýtur að framkvæmd eftirlits með ábyrgðinni af hálfu ríkisins í því skyni að fylgja því eftir að framkvæmd verkefnisins verði í samræmi við áætlanir.

Í ljósi framangreinds verður að líta svo á að eins og staðan er í dag sé ekkert sem bendir til annars en að fyrirtækið geti staðið við þær áætlanir sem kynntar hafa verið og að hægt verði að tryggja að fjármagn skili sér til nýrrar starfsemi á sviði lyfjaþróunar. Fjármálaráðuneytið telur, að svo stöddu, að ekki sé þörf á sérstöku framlagi á afskriftareikning vegna ábyrgðarinnar en í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins mun það verða metið árlega.

7. *Hvaða skuldbindingar hefur deCODE undirgengist gagnvart ísl. stjórnvöldum (bæði í tengslum við miðlægan gagnagrunn á heilbrigðissviði, sjúkrastofnunum þ.m.t. Landspítala-Háskólasjúkrahús, FSA og aðra) og hefur fyrirtækið staðið við þær? Hversu miklar greiðslur hefur fyrirtækið innt af hendi?*

Eftirfarandi svar hefur borist frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og fjallar það um samninga ÍE í tengslum við gagnagrunn:

Kveðið er á um margvíslegar skuldbindingar rekstrarleyfishafa gagnagrunns á heilbrigðissviði

- í lögum nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðissviði (hjál.)
- í reglugerð nr. 32/2000, um gagnagrunn á heilbrigðissviði (hjál.)
- í rekstrarleyfi til handa Íslenskri erfðagreiningu ehf. til gerðar og starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðissviði, útg. 22. janúar 2000 (hjál.) og

² Samanber minnisblað fjármálaráðuneytisins til EVN dags. 15. apríl 2002.

- í samkomulagi á milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Íslenskrar erfðagreiningar ehf. í tengslum við útgáfu rekstrarleyfisins, dags. 22. janúar 2000 (hjá.)

Meginákvæði um greiðslur rekstrarleyfishafa eru í 3. mgr. 4. gr. og 8. tölul. 5. gr. laga nr. 139/1998, um gagnagrunn á heilbrigðisviði. Er þar um að ræða:

- greiðslur vegna rekstrarleyfis og kostnaðar sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðisviði
- og greiðslur vegna kostnaðar við vinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til flutnings í gagnagrunninn.

Þessi ákvæði hafa verið nánar útfærð í hjál. reglugerð, rekstrarleyfi og samkomulagi sbr. það sem segir hér að framan.

Hvað varðar greiðslur vegna rekstrarleyfis og kostnaðar sem tengist þjónustu og eftirliti með starfrækslu gagnagrunns á heilbrigðisviði þá hefur verið mótað sérstakt ferli þar sem ríkisbókhald annast innheimtu þess kostnaðar og ríkisendurskoðun á að úrskurða um hugsanlegan ágreining um kostnað. Aðilar hafa átt fundi um þann kostnað sem þegar hefur fallið til og rætt einstök álitamál, ekki hefur komið til úrskurðar ríkisendurskoðunar og greiðslur hafa ekki enn verið inntar af hendi.

Hvað varðar greiðslur vegna kostnaðar við vinnslu upplýsinga heilbrigðisstofnana og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna til flutnings þá hefur eðli málsins samkvæmt ekki komið til beinna greiðslna samkvæmt samningum við þær 19 heilbrigðisstofnanir sem þegar hefur verið samið við enda hefur engin vinnsla eða starfræksla hafist og enn er ósamið við stærstu heilbrigðisstofnunina, Landspítala-Háskólasjúkrahús. Rekstrarleyfishafi hefur samið við eftirfarandi nítján heilbrigðisstofnanir um aðgang að upplýsingum úr sjúkraskrá:

1. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri
2. Heilbrigðisstofnun Austurlands
3. Heilbrigðisstofnun Þingeyinga
4. Heilbrigðisstofnunin á Hólmavík
5. Heilbrigðisstofnunin á Hvammstanga
6. Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki
7. Heilbrigðisstofnunin á Selfossi
8. Heilbrigðisstofnunin á Siglufirði
9. Heilbrigðisstofnunin á Suðurnesjum
10. Heilbrigðisstofnunin í Bolungarvík
11. Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum
12. Heilbrigðisstofnunin Ísafirði
13. Heilsugæsluna í Þorlákshöfn
14. Heilsugæslustöðin á Kirkjubæjarklaustri
15. Heilsugæslustöðin á Vík
16. Heilsugæslustöðin í Dalvík
17. Heilsugæslustöðin í Ólafsfirði
18. Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi
19. St. Jósefsspítala í Hafnarfirði

Allir samningar sem Íslenskrar erfðagreiningar ehf. hefur gert við heilbrigðisstofnanir hafa byggt á sama staðlaða samningsforminu. Í 12. kafla þessa staðlaða samnings er fjallað um endurgjald Íslenskrar erfðagreiningar ehf., sbr. eftirfarandi (nokkur atriði eru áherslumerkt með undirstrikunum):

"12.0 Greiðslur Íslenskrar erfðagreiningar fyrir vinnslu heilsufarsupplýsinga samkvæmt samningi þessum.

12.1 Íslensk erfðagreining greiðir kostnað við gerð samræmds sjúkraskrárkerfis samanber 8. grein og nýjar útgáfur þess og endurgreiðir NN leyfisgjöld vegna samninga við viðkomandi rétthafa.

12.2 Íslensk erfðagreining greiðir kostnað við úttekt samkvæmt grein 3, þ.m.t. launakostnað og annan kostnað NN. (Um er að ræða úttekt á fyrirbyggjandi sjúkraskrárgögnum hjá stofnun)

12.3 Íslensk erfðagreining greiðir launa- og rekstrarkostnað NN sem hlýst af vinnslu heilsufarsupplýsinga til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðisviði. Sá kostnaður sem hér um ræðir skal tilgreindur í sérstakri kostnaðar- og tímaáætlun sem aðilar samnings þessa skulu sameiginlega gera þegar úttekt samkvæmt grein 3 og ákvörðun Íslenskrar erfðagreiningar samkvæmt grein 3.3 um vinnslu heilsufarsupplýsinga til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðisviði liggur fyrir. Þar skal verkáföngum lýst, verkáætlun gerð, mannaflí áætlaður, svo og annar kostnaður fyrir hvern áfanga fyrir sig, sbr. grein 5. Þar skal enn fremur gerð áætlun um kostnað vegna kennslu og hjálfunar heilbrigðisstarfsmanna til skráningar og vinnslu heilsufarsupplýsinga. Sé um að ræða hlutastarf starfsmanns NN sem einnig sinnir öðrum störfum innan hennar, skal starfshlutfall ákvarðað við gerð kostnaðaráætlunar. NN ábyrgist að eftir verkáætlun verði unnið. Kostnaðar- og tímaáætlun skal taka til endurskoðunar á sex mánaða fresti. Íslensk erfðagreining getur stöðvað greiðslur fyrir verk sem sannanlega eru ekki unnin eftir áætluninni, enda séu ekki á slíku fráviki gildar skýringar. NN getur stöðvað flutning heilsufarsupplýsinga samkvæmt samningi þessum til dulkóðunarstofu, inni Íslensk erfðagreining ekki greiðslur af hendi samkvæmt samningi þessum.

12.4 Íslensk erfðagreining leggur NN til og greiðir kostnað NN vegna sérstaks vélbúnaðar og/eða hugbúnaðar sem nauðsynlegur er til að hægt sé að vinna heilsufarsupplýsingar til flutnings í gagnagrunn á heilbrigðisviði samkvæmt fyrsta og öðrum áfanga. Íslensk erfðagreining greiðir einnig kostnað við hugbúnað og vélbúnað vegna dulkóðunar og flutnings heilsufarsupplýsinga frá NN til dulkóðunarstofu tölvunefndar sem Íslensk erfðagreining leggur NN til samkvæmt grein 7.3. Þá greiðir Íslensk erfðagreining allan fjarskiptakostnað vegna flutnings heilsufarsupplýsinga frá NN til dulkóðunarstofu tölvunefndar.

12.5 NN og starfsmönnum NN skal heimilt án sérstaks endurgjalds að gera fyrirspurnir í gagnagrunn á heilbrigðisviði vegna eigin vísindarannsóknar sem þessir aðilar stunda. Slíkar fyrirspurnir skulu lúta almennum reglum varðandi fyrirspurnir í gagnagrunn á heilbrigðisviði. Framangreind heimild NN og starfsmanna NN tekur ekki til fyrirspurna sem gerðar eru fyrir þriðja aðila eða vegna

vísindarannsóknna eða annarra verkefna sem unnin eru í samstarfi við þriðja aðila sem greiðir NN eða starfsmönnum NN fyrir þátt þeirra í rannsókninni. Skal um slíkar fyrirspurnir og greiðslur vegna þeirra til Íslenskrar erfðagreiningar fara sem um fyrirspurnir þriðja aðila í gagnagrunn á heilbrigðisviði. Íslensk erfðagreining skal eiga rétt á að NN eða starfsmenn NN sem gera fyrirspurn í gagnagrunn á heilbrigðisviði á grundvelli framangreindrar heimildar láti í té viðhlítandi upplýsingar um eðli og aðstandendur viðkomandi vísindarannsóknar þannig að í ljós sé leitt hvort fyrirspurn falli undir framangreinda heimild. Íslenskri erfðagreiningu skal heimilt að hafna beiðni NN eða starfsmanna NN um vinnslu fyrirspurna án sérstaks endurgjalds, telji Íslensk erfðagreining rökstudda ástæðu til að ætla að brotið sé gegn ákvæðum þessarar greinar."

Jafnframt þessu hefur íslensk erfðagreining ehf. gert sérstakt samkomulag við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem starfrækslunefnd lítur á sem hluta samningsins á grundvelli laga nr. 139/1998. Verður að líta á efni samkomulags þessa sem greiðslu eða endurgjald í þessu sambandi. Samkomulag þetta felur í sér eftirfarandi þætti:

<p>Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri</p>	<p>I. Stofnun hugbúnaðardeildar ÍE: þróun lausna á sviði upplýsingatekni fyrir heilbrigðisþjónustu Gerð sjúkraskrárkerfa: smíði samskiptakerfis og notendaviðmóts fyrir samræmt sjúkraskrárkerfi</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Þróun staðlaðra spurningalista og sérstakra sjúkraskrárkerfa b. Vefrænt viðmót upplýsinga fyrir sjúklinga og söfnun upplýsinga frá sjúklingum c. Þróun úrlestursforrita fyrir myndgreiningu <p>II. Uppbygging er tengist heilbrigðisneti</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Rafrænn flutningur/lestur upplýsinga á milli sjúkraskrárkerfa <p>III. Kostnaðargreining</p> <p>IV. Samstarf við þriðju aðila</p> <p>V. Samkomulag um flýtifjármögnun og nýbyggingu:</p> <ol style="list-style-type: none"> a. Flýtifjármögnun á frágangi á óinnréttuðu húsnæði FSA b. Nýbygging á lóð FSA fyrir starfsemi ÍE og FSA
--	---

Þá hefur Íslensk erfðagreining ehf. einnig gert viljayfirlýsingar um samstarfsverkefni með einstökum heilbrigðisstofnunum. Starfrækslunefnd hefur litið á viljayfirlýsingar þessar sem hluta samninga sem Íslensk erfðagreining gerir við viðeigandi stofnanir á grundvelli laga nr. 139/1998. Má segja að í viljayfirlýsingum þessum felist greiðsla eða endurgjald í vissum skilningi ef af framkvæmd verður. Eftirfarandi tafla sýnir um hvaða stofnanir ræðir og hvert inntak samstarfsverkefna þeirra sem yfirlýsingarnar kveða á um er:

<i>Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar</i>	<p>I. Uppbygging er tengist heilbrigðisneti</p> <p>a. Rafrænn flutningur/lestur upplýsinga á milli sjúkraskrárkerfa</p> <p>II. Önnur verkefni</p>
<i>Heilbrigðisstofnun Þingeyinga</i>	<p>I. Gerð sjúkraskrárkerfa</p> <p>a. Þróun hjúkrunarskráningar</p> <p>b. Þróun skráningar fyrir tannlækningar</p> <p>c. Hugbúnaðargerð (fjargerð)</p> <p>II. Uppbygging er tengist heilbrigðisneti</p> <p>a) Rafrænn flutningur/lestur upplýsinga á milli sjúkraskrárkerfa</p> <p>III. Verkefni tengd söfnun eldri gagna</p>
<i>Sjúkrahús Akraness</i>	<p>I. Þróun sjúkraskrár / þróun hjúkrunarskráningar</p> <p>II. Önnur verkefni</p>
<i>St. Jósefsspítali í Hafnarfirði</i>	<p>I. Þróun rafræns sjúkraskrárkerfis</p> <p>II. Kostnaðargreining</p> <p>III. Önnur verkefni</p>
<i>Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki</i>	<p>Þróun rafræns sjúkraskrárkerfis</p> <p>a. Þróun upplýsingaöflunar varðandi heilsutengd lífsgæði og árangursmælingar</p>
<i>Heilbrigðisstofnun Austurlands</i>	<p>I. Þróun rafræns sjúkraskrárkerfis:</p> <p>a. Þróun staðlaðra spurningalista og árangursmælingar</p> <p>b. Hugbúnaðargerð (fjargerð)</p> <p>II. Uppbygging er tengist heilbrigðisneti</p> <p>a. Rafrænn flutningur/lestur upplýsinga á milli sjúkraskrárkerfa</p> <p>III. Samstarf við þriðja aðila</p>
<i>Heilbrigðisstofnunin Selfossi</i>	<p>I. Þróun rafræns sjúkraskrárkerfis</p> <p>a. Þróun hjúkrunarskráningar</p> <p>b. Þróun staðlaðra skráningarverkferla og árangursmælingar</p>
<i>Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ</i>	<p>Þróun rafræns sjúkraskrárkerfis</p> <p>a. Hugbúnaðarþróun tengd netlækningum</p> <p>b. Gerð fræðsluefnis</p>
<i>Heilbrigðisstofnun Bolungarvíkur</i>	<p>Þróun rafræns sjúkraskrárkerfis</p> <p>a. Hugbúnaðarþróun tengd netlækningum</p> <p>b. Gerð fræðsluefnis</p>
<i>Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga</i>	Hugbúnaðargerð (fjargerð)

Aðilar hafa með vísan til ofangreinds undirbúið uppbyggingu og vinnslu gagnagrunns á heilbrigðissviði með margvíslegum hætti, einkum að því er varðar öryggisþætti og þróun hugbúnaðar.

Hvað varðar greiðslu kostnaðar vegna samkomulags á milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Íslenskrar erfðagreiningar ehf. þá hefur ekki komið til þeirra með vísan til þess að málið er enn á undirbúningsstigi en í 2. mgr. 9. gr. samkomulagsins segir að fyrsta greiðsla árgjalds skuli ekki fara fram fyrr en leyfishafa hafi tekist að gera samninga við Sjúkrahús Reykjavíkur og/eða Ríkisspítala, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og tvær aðrar heilbrigðisstofnanir í öðrum landsfjórðungum. Í ákvæðinu segir að dragist gerð slíkra samninga skuli árgjald greitt uppsafnað og verðtryggt.

Með vísan til framangreinds skal lögð áhersla á að margvísleg verkefni, sem eru grundvöllur þess að starfræksla gagnagrunns á heilbrigðissviði geti hafist, eru afar flókin og á það ekki síst við um öryggisúttekt sem Persónuvernd hefur með höndum.

Fylgiskjal III.

Umsagnir um frumvarp til laga um heimild til handa fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Umsögn Lyfjapróunar hf.
(10. apríl 2002.)

Í tilefni stjórnarfrumvarps sem nú er komið fram um heimild til veitingu einfaldrar ríkisábyrgðar á skuldabréfaútgáfu fyrirtækisins deCODE Genetics Inc. vegna væntanlegrar stofnunar lyfjapróunardeildar fyrirtækisins hér á landi ber brýna nauðsyn til að koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna áhrifa þessarar ráðstöfunar á samkeppnisstöðu Lyfjapróunar hf.

Hér á landi er nú þegar starfandi öflugt og vaxandi lyfjapróunarfyrirtæki, Lyfjapróun hf. Samkvæmt þeim upplýsingum sem finna má í frumvarpinu og í fréttatilkynningu Fjármálaráðuneytisins er um sambærileg fyrirtæki að ræða, sem bæði starfa á sviði nýsköpunar í lyfjapróun. Lyfjapróun hf. starfar að uppgötvunum á nýjum lyfjum og lyfjaformum, forklinískum rannsóknum í dýrum og klínískum rannsóknum í mönnum, sem eru sömu svið og væntanlegt fyrirtæki kemur til með að starfa á.

Í fyrrgreindu frumvarpi kemur fram að deCODE Genetics Inc. hafi ákveðið að hefja þróun nýrra lyfja á grundvelli þeirra erfðafræðilegu uppgötvana sem til hafa orðið í núverandi starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að Lyfjapróun er þátttakandi í samstarfsverkefni þar sem unnið er að þróun nýrra lyfja með notkun erfðafræði og sameindalíffræði. Ennfremur er áætlað að beita erfðafræðilegum aðferðum við ýmiss verkefni hjá Lyfjapróun hf. Þó svo að rannsóknir fyrirtækjanna skarist ekki að fullu, þá er augljóslega um að ræða samkeppni um sama starfsfólk og sömu fjárfesta á þessum markaði.

Áður en lengra er haldið vill stjórn Lyfjapróunar hf. taka skýrt fram að hún lítur jákvæðum augum á stuðning ríkisstjórnarinnar við uppbyggingu nýsköpunar á sviði lyfjapróunar.

Lyfjapróun hf. er líftæknifyrirtæki og starfar að nýsköpun á sviði lyfjapróunar. Fyrirtækið var stofnað á árinu 1991. Upphaflegir stofnendur voru Lyfjaverslun Ríkisins, Lýsi hf., Tækniþróun hf. (Háskóli Íslands) og tveir einstaklingar. Hluthafar fyrirtækisins nú eru LÍF hf. (Lyfjaverslun Íslands), Uppspretta hf., Guðmundur Hallgrímsson, Sveinbjörn Gizurarson, Steinar Waage og VÍS hf.

Lyfjapróun hf. náði fljótt árangri í rannsóknum sínum og sótti um fyrstu einkaleyfin á sviði bóluafna á árunum 1993-1997. Árið 1995 gerði Lyfjapróun hf. sinn fyrsta samning um afnotarétt af einkaleyfum Lyfjapróunar hf. við Statens Serum Institut í Danmörku og á árunum 1997 og 1999 voru gerðir samningar við lyfjafyrirtækið Wyeth í Bandaríkjunum, sem er eitt stærsta lyfjafyrirtæki í heimi og eitt af þremur stærstu lyfjafyrirtækjum á sviði bóluafna. Lyfjapróun hf. framkvæmir bæði dýratilraunir og klínískar tilraunir á mönnum með lyfjum sem fyrirtækið er að þróa. Á árinu 2000, eftir að nýjir aðilar komu að Lyfjapróun hf., var tekin ákvörðun um að stækka fyrirtækið enn frekar, leita að nýjum fjárfestum og samstarfsaðilum og sækja inn á ný svið.

Lyfjapróun hf. skrifaði í febrúar 2002 undir samstarfsamning við breska fyrirtækið Bepak Plc. um þróun á nýjum lyfjum og lyfjameðferðum sem gefin verða um nef. Samningur þessi mun gera félaginu kleift að verða leiðandi fyrirtæki í heiminum á sviði nefúðalyfja.

Sérstaða Lyfjapróunar hf. liggur aðallega í þeirri þekkingu sem fyrirtækið hefur byggt upp á undanförunum 10 árum á sviði lyfjagjafar um nef, lyfjagjafar til heila, ónæmisfræði og bóluafna. Fyrirtækið hefur alla tíð starfað á Íslandi en hefur sótt verkefni, sem skilað hafa því tekjum, til lyfjafyrirtækja meðal annars í Danmörku, Hollandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Bretlandi.

Markmið Lyfjapróunar hf. er að þróa ný lyf, lyfjameðferðir og lyfjaform eins langt og hægt er hér á landi, miðað við það starfsfólk og fjármagn sem fæst til slíkra verkefna. Lyfjapróun hf. hefur þegar þróað ný lyfjaform, framkvæmt forklínískar rannsóknir á dýrum og klínískar rannsóknir á mönnum.

Fjöldi starfsmanna Lyfjapróunar er nú um 33. Hjá fyrirtækinu starfa 9 einstaklingar með doktorspróf á sviði lyfjafræði, ónæmisfræði, efnafræði, eðlisfræði, sameindalíffræði, sálfræði og lífefnafræði. Þá starfa hjá fyrirtækinu læknar, dýralæknir, lyfjafræðingar, lögfræðingur og líffræðingar auk fleiri sérfræðinga.

Áætlanir fyrirtækisins gera ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi verulega á næstu árum og verði um 80 eftir 2 ár og 120 innan 4-5 ára. Allir starfsmenn fyrirtækisins eru íslenskir utan tveggja. Til að halda áfram áætluðum vexti fyrirtækisins er nauðsynlegt að það geti haldið áfram að ráða til sín hæfa vísindamenn á sínu sviði.

Rekstur Lyfjapróunar hf. hefur frá upphafi verið fjármagnaður af hluthöfum, tekjum af einkaleyfum, samningum um rannsóknarverkefni og styrkjum vegna einstakra rannsóknarverkefna. Þá hefur reksturinn verið fjármagnaður undanfarið með nýju hlutafé og lánum. Áætlanir gera ráð fyrir að vöxtur fyrirtækisins til skemmri tíma verði fjármagnaður af samstarfsaðilum og nýjum fjárfestum auk þess sem fyrirtækið hefur tekjur af einkaleyfum og styrkjum.

Lyfjapróun hf. er nú að leita að fjárfestum til að taka þátt í fjármögnun á uppbyggingu fyrirtækisins til næstu 3-4 ára og er þessa dagana í viðræðum við erlendan fjárfestingabanka um að taka að sér útboð á nýju hlutafé í fyrirtækinu.

Til lengri tíma gera áætlanir ráð fyrir að tekjur af áfangagreiðslum vegna árangurs af rannsóknarverkefnum og hlutdeild í sölu lyfja byggðu á hugviti Lyfjapróunar hf. verði undirstaða rekstursins.

Lyfjapróun hf. fékk afhent á síðari hluta ársins 2001 nýtt og mun stærra húsnæði í Vatnagörðum í Reykjavík sem nú hefur verið innréttað til að mæta vaxandi þörfum fyrirtækisins. Innréttaðar hafa verið rannsóknarstofur, tilraunaaðstaða fyrir dýratilraunir, framleiðsluaðstaða fyrir lyf til klínískra prófana, aðstaða til klínískra prófana á mönnum, auk starfsmanna- og skrifstofuaðstöðu.

Þá hefur verið fjárfest í dýrum tækjum og öðrum búnaði sem nauðsynlegur er til þróunar nýrra lyfja og lyfjaforma.

Lyfjapróun hf. hefur lagt mikla vinnu og fjármagn í að byggja upp getu og þekkingu til að ná árangri á sviði lyfjapróunar. Ein megin forsenda þess að áætlanir fyrirtækisins gangi eftir er að það sitji við sama borð og önnur fyrirtæki sem eru að vinna á sama sviði hér á landi, þar sem þekking og hæft starfsfólk er takmörkuð auðlind sem mikil samkeppni er um.

Enn fremur er samkeppni mikil um fjármagn og undanfarið hefur sú samkeppni aukist. Þá er kostnaður við fjármagn sem fengið er á almennum markaði til reksturs lyfjapróunarfyrirtækja sem starfa við forrannsóknir og klínískar rannsóknir mjög hár. Ennfremur hefur það mikil áhrif á fjárfesta hverjir vaxtarmöguleikar fyrirtækja eru og hvaða möguleikar eru á að fá hæft starfsfólk. Hingað til hefur Lyfjapróun hf. getað ráðið til sín nauðsynlegt starfsfólk. En með aukinni samkeppni sem ekki er á jafnræðisgrunni er hætt við að það eigi eftir að reynast okkur erfiðara. Fyrirtæki sem hefur yfir að ráða miklu og ódýrara fjármagni en önnur fyrirtæki á þessu sviði hefur yfirburðastöðu í samkeppni um starfsfólk. Við slíkar aðstæður er líklegt að fjárfestar telji ekki eins vænlegt að fjárfesta í öðrum lyfjapróunarfyrirtækjum eða geri auknar kröfur um arðsemi vegna aukinnar áhættu á að áætlanir um vöxt gangi ekki eftir.

Lyfjapróun hf. hefur hingað til haft góðan aðgang að læknum og aðstöðu á sjúkrahúsum landsins til að gera klínískar rannsóknir á mönnum. Aukin samkeppni sem ekki er á jafnræðisgrundvelli getur takmarkað þann aðgang og þar með tafið rannsóknir fyrirtækisins.

Lyfjapróun hf. hefur lagt áherslu á að afla samstarfsverkefna við erlenda aðila á sviði lyfjapróunar þar sem byggt er á þekkingu og reynslu starfsmanna fyrirtækisins og þeim einkaleyfum sem fyrirtækið er eigandi að. Um slík verkefni er oft hörð samkeppni og allt sem skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja getur haft veruleg neikvæð áhrif á niðurstöðu slíkra samninga.

Af framangreindum ástæðum telur stjórn Lyfjapróunar hf., að áætlanir ríkisstjórnarinnar um að veita deCODE Genetics Inc. ríkisábyrgð á lánum, skapi því félagi óeðlilega samkeppnisstöðu gagnvart Lyfjapróun hf., enda verður deCODE Genetics Inc. í samkeppni við Lyfjapróun hf. um starfsfólk, um aðstöðu til rannsókna, um fjármagn, og um verkefni á sviði lyfjapróunar.

Til að þess að eðlileg samkeppni á jafnræðisgrundvelli verði möguleg við þessar aðstæður fer stjórn Lyfjapróunar hf. fram á að félaginu verði veitt hliðstæð ríkisábyrgð og framlagt frumvarp fjallar um.

Lyfjaþróun hf. mun leggja fram gögn um fjármagnspörf sína ásamt nauðsynlegum fylgigögnum verði viðbrögð jákvæð við þessu erindi. Áætlaður rekstrarkostnaður félagsins til næstu fjögurra ára er um 4 milljarðar króna.

Fyrir hönd stjórnar Lyfjaþróunar hf.,

Tómas Þorvaldsson,
stjórnarformaður.

Sveinbjörn Gizurarson,
framkvæmdastjóri.

Umsögn Bandalags Háskólamanna.
(15. apríl 2002.)

Bandalag háskólamanna (BHM) tekur ekki afstöðu til stjórnmalalegra álitafna en leggur í öllu starfi sínu áherslu á jafnræði við úthlutun opinberra gæða, sbr. t.d. 65. gr. stjórnarskrárinnar. BHM vill því aðeins geta þess að Íslensk erfðagreining hf. hlýtur að fenginni ríkisábyrgð til handa móðurfélagi þess, verði frumvarpið að lögum, að gera kjarasamning við hlutaðeigandi stéttarfélög – þ.m.t. aðildarfélög BHM. Má þar einkum nefna Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og Meinatæknafélag Íslands en fyrrnefnda félagið hefur leitað eftir því við fyrirtækið frá upphafi. Auk þeirra má nefna fjölda hjúkrunarfræðinga en Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er stærsta aðildarfélag BHM. Hjá fyrirtækinu starfa nú á fjórða hundrað sem gætu verið félagsmenn í aðildarfélögum BHM en aðeins um fimm tungur þeirra hefur átt þess kost að gerast félagsmenn í þessum félögum – með tilheyrandi réttindum í sjóðum og samkvæmt kjarasamningi samkvæmt tilvísun.

Íslensk erfðagreining hf. hefur alfarið neitað því að gera kjarasamning við FÍN og við svo búið verður ekki unað – og enn síður ef fjöldi starfsmanna eykst eins og gert er ráð fyrir í kjölfar samþykktar frumvarpsins. Minnt er á að samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga ber að leita umsagnar hlutaðeigandi stéttarfélags en stéttarfélögum hefur veist erfitt að gegna eftirlitshlutverki sínu meðan ekki nýtur við kjarasamnings við fyrirtækið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,

Auður Antonsdóttir,
í stjórn BHM.

Gísli Tryggvason,
framkvæmdastjóri BHM.

*Frétt birt í Hálfþingfréttum Búnaðarbankans
þriðjudaginn 9. apríl 2002.*

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að ábyrgjast útgáfu skuldabréfa að fjárhæð allt að 200 milljónum bandaríkjadala vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), á sviði lyfjaþróunar. Frumvarp verður lagt fyrir Alþingi þessa efnis.

Í íslenskum krónum nemur fyrirhuguð ríkisábyrgð 20 milljörðum, eða sem nemur um 2,6% af vergri landsframleiðslu.

Stefnubreyting hjá stjórnvöldum

Í frétt frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að 250-300 ný störf geti skapast hér á landi innan tveggja til þriggja ára ef fyrirætlanir lyfjaþróunarfyrirtækisins ganga eftir. Ennfremur er bent á að ríkisstjórnin hafi á stefnuskrá sinni að stuðla markvisst að atvinnuuppbyggingu í hátækni og vísindagreinum. Greiningadeild telur engu að síður að hér sé um ákveðna stefnubreytingu að ræða, enda hafa stjórnvöld unnið markvisst að því að draga úr ríkisumsvifum og ríkisábyrgðum. Hluti af þeirri viðleitni var sameining fjárfestingalánasjóðanna í Fjárfestingabanka atvinnulífsins, snemma á síðasta áratug, og síðan einkavæðing þess banka. Ríkisábyrgðir eru sjaldgæfar í dag, en þess má geta að Spölur fékk á sínum tíma umdeilda tímabundna ríkisábyrgð á 300 m.kr. láni við byggingu Hvalfjarðarganganna.

Ríkisábyrgðin veitir sennilega 3-4% hagstæðari kjör

Hugmyndin með því að draga úr ríkisábyrgðum er að koma í veg fyrir að ýtt verði undir framkvæmdir sem einkaaðilar eru ekki tilbúnir til að fjármagna. Lánskjör fyrirtækja ráðast af þeirri áhættu sem lánadrottinn telur felast í rekstri þess. Eins og fram kemur í umfjöllun hér fyrir neðan er fyrirtækjaáhætta lyfjaþróunarfyrirtækja metin allt að þrefalt meiri en meðaltalsáhætta fyrirtækja almennt. Fyrirtæki í nýsköpun eru almennt talin mjög áhættusöm og slík fyrirtæki eiga afar erfitt með að nálgast langtímafjármögnun. Langtímafjármögnun þeirra er þá helst í gegn um hlutafé.

Þegar ríkisábyrgð kemur til líta fjárfestar fram hjá þessari áhættu og langtímafjármögnun með lánsfé verður möguleg. Óhætt er að gera ráð fyrir að ríkisábyrgðin tryggji deCODE lánskjör sem eru a.m.k. 3-4% hagstæðari en ella. Á ársgrundvelli er því um að ræða vaxtasparnað sem nemur a.m.k. 600 til 800 milljónum króna.

Fyrirtækjaáhætta deCODE mikil

Við mat á fyrirtækjaáhættu deCODE skoðaði greiningadeild rannsóknir á óvoguðu β gildi (unleveraged) bandarískra fyrirtækja. Með β gildinu er tekið tillit til þeirrar áhættu sem er sérstök fyrir fyrirtækið sem slíkt. β gildi er reiknað út frá verðþróun hlutabréfa og sýnir hvernig verðsveiflur hlutabréfanna sveiflast miðað við meðaltal markaðarins. Ef áhættan er sú sama og að meðaltali fyrir markaðinn er β -hlutfallið á pari (1). Ef áhættan er meiri er β -gildið > 1. Ef áhættan er minni er β < 1.

Samkvæmt rannsóknum Damodaran (damodaran.com) eru fyrirtæki í líftækni- og lyfjaþróunariðnaðinum flokkuð með β gildið á bilinu 3,12 - 3,22 sem segir okkur að verð fyrirtækjanna sveiflast þrefalt á við meðaltal markaðarins. Þetta er tiltölulega hátt gildi sem segir okkur að fyrirtækjaáhætta deCODE er mikil. Af þeim 100 atvinnugreinum sem skoðaðar voru, voru ellefu atvinnugreinar með meiri fyrirtækjaáhættu en fyrirtæki í líftækni- og lyfjaþróunariðnaðinum en 87 atvinnugreinar með minni fyrirtækjaáhættu. Í neðangreindri töflu má sjá óvoguð β gildi hinna ýmsu atvinnugreina.

	Atvinnugreinar	Óvoguð β gildi
1	Netverslanir	9,10
2	Internetfyrirtæki	8,24
3	Farsímafyrirtæki	6,73
4	Hugbúnaðarfyrirtæki	5,16
5	Hálfléiðaraframleiðendur	5,14
6	Tölvuframléiðendur	4,90
7	Framleiðendur símabúnaðar	4,79
8	Kolafyrirtæki	4,78
9	Hálfléiðarar-	4,45
10	Leikjatakjaframleiðendur	3,90
11	Heilbrigðishugbúnaður	3,52
12	Líftækniyrirtæki	3,22
13	Lyfjaþróunarfyrirtæki	3,12
14	Auglýsingafyrirtæki	3,09
24	Læknavörur	2,22
27	Læknaþjónusta	2,11
42	Apótek	1,56
62	Tóbaksframleiðendur	1,30
89	Innlánsstofnanir	0,99
93	Tryggingarfélag	0,76
98	Vatnsveitur	0,60
99	Vefnaðarvörur	0,55
100	Rafveitur	0,53

Álitamál vegna arðsemi vs. álitamál vegna hættu á höfuðstól

Undanfarin misseri hefur aðallega verið fjallað um ríkisábyrgðir í tengslum við fyrirhugaða virkjun við Kárahnjúka. Ríkisábyrgð á slíku láni er að mörgu leyti ólík ríkisábyrgð hjá lyfjaþróunarfyrirtæki:

- Þegar ríkisábyrgð er veitt lækkar fjármagnskostnaður og fjárfestingar sem áður voru óarðbærar verða arðbærar. Því skapast sú hættu að fjárfestingakostur sem er markaðurinn myndi ekki veita brautargengi, ryðji úr vegi fjárfestingakosti sem markaðurinn myndi velja. Þetta var megin inntak umræðunar um Kárahnjúkavirkjun. Höfuðstóli lánsins var aldrei til umræðu. Í tilfelli lyfjaþróunarfyrirtækis er höfuðstóllinn hins vegar í hættu.
- Um einfalda ábyrgð er að ræða í báðum tilfellum. Ef fyrirtækið greiðir ekki af skuldabréfunum, er fyrst gengið að fyrirtækinu og eignum þess, síðan ábyrgðaraðila.
 - Í tilfelli Landsvirkjunar eru eignir töluverðar. Auk þess er Landsvirkjun í stöðu til að hækka rafmagnsverð og ná inn auknum tekjum til að mæta rekstrarerfiðleikum.
 - Efnislegar eignir lyfjaþróunarfyrirtækis eru takmarkaðar og takist ekki að þróa lyf til að standa undir kostnaði getur eigandi skuldabréfana því ekki gengið að þeim. Verð framleiðsluvara fyrirtækisins ræðst af markaðnum. Þá er einnig hættu á að engar vörur verði tilbúnar yfirhöfuð.
- Þar sem virkjanir eru nú þegar á vegum fyrirtækja í eigu hins opinbera er spurningin um fordæmi ekki eins áleitin og þegar um einkafyrirtæki er að ræða. Afar ólíklegt verður að teljast að ríkisábyrgð á skuldabréf deCode dragi ekki dilk á eftir sér hvað þetta varðar.
- Eðli áhættu lyfjaþróunarfyrirtækja er sú, að annað hvort gengur viðskiptahugmyndin upp eða ekki. Þar sem nokkuð víst er að höfuðstóll skuldabréfsins verði innheimtur hjá ábyrgðaraðila ef illa fer (sökum þess hve eignir eru takmarkaðar) má spyrja hvort ekki væri hreinlegra að ábyrgðaraðili tæki sjálfur lán og leggði fram hlutafé í fyrirtækið. Kostnaðurinn yrði sá sami ef illa fer, en hagnaðurinn töluverður ef vel fer.

Umsögn Greiningar Íslandsbanka.
(15. apríl 2002.)

Yfirlit yfir umfjöllun Greiningar ÍSB

Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvarp til laga sem heimilar fjármálaráðherra að veita einfalda ábyrgð að allt að 200 milljóna dollara útgáfu skuldabréfa vegna fjármögnunar nýrrar starfsemi á sviði lyfjaþróunar. Gert er ráð fyrir að gefin verði út breytanleg skuldabréf sem fela í sér að ef gengi hlutabréfa í deCODE nær ákveðnum viðmiðunarmörkum breytast skuldabréfin í hlutabréf í félaginu. Heildarfjárfesting er áætluð um 350 milljón dollara og er gert ráð fyrir að 250-300 ný störf skapist innan tveggja til þriggja ára.

- Að mati Greiningar er um neikvætt fordæmi að ræða og ekki í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um minnkun ríkisafskipta af atvinnulífinu. Líklegt verður að telja að fleiri fyrirtæki feti í fótspor deCODE og byggi beiðnir sínar á jafnræðissjónarmiðum.
- Greining ÍSB telur að ákvörðun ríkisstjórnarinnar hafi engin áhrif á lánshæfismat Íslands nema að að þau fyrirtæki sem meta lánshæfi færu að líta svo á að einhver stefnubreyting hefði orðið hjá íslenskum stjórnvöldum varðandi ríkisábyrgðir, þ.e. að ríkið hefði ákveðið að veita slíkar ábyrgðir í auknum mæli. Þessi eina ábyrgð hefur hins vegar ekki mikil áhrif þegar horft er á heildarskuldbindingar ríkisins.

Áhrif fréttarinnar á markaði

- Fréttir um veitingu ríkisábyrgðar til deCODE höfðu jákvæð áhrif á gengi krónunnar sem styrktist í allmiklum viðskiptum. Fréttin styrkti þannig væntingar um gjaldeyrisinnflæði en stærstur hluti fjárfestingarinnar fer til greiðslu launa og þjónustu hér á landi á næstu árum.
- Gengi bréfa deCODE hækkaði um 1,4% við birtingu fréttarinnar í viðskiptum sem voru talsvert yfir meðalveltu undanfarinna vikna. Ljóst er að ábyrgðin styrkir langtímahorfur deCODE og eykur trúverðugleika fyrri áætlana um lyfjaþróun. Gengisþróun eftir birtingu fréttarinnar bendir hins vegar til að markaðurinn horfi í mun meira mæli á tekjur félagsins til skemmri tíma, þ.e. tekjur af gagnagrunnstengdum upplýsingum og tekjur af þjónustustarfsemi. deCODE væntir þess að prófanir á lyfjum geti hafist eftir um 3 ár og því er ljóst að fyrsta lyfs fyrirtækisins á markað er vart að vænta fyrr en eftir a.m.k. 8 ár að því er fram kemur í skýrslu Lehman Brothers.

Áhætta

- Í rannsókn sem J.A. Dimasi og fleiri gerðu 1995 um árangur lyfjaprófana kom fram að meðaltíminn sem það tók að fara með lyf í gegnum forklínískar og klínískar prófanir og á markað var um 10 ár. Um 20% af lyfjum sem voru skráð sem "nýtt lyf í prófunum" (e. IND, Initial New Drug application) komust á markað.

Virðingarfyllst,

Almar Guðmundsson,
forstöðumaður Greiningar Íslandsbanka.

Umsögn Samtaka fjárfesta.
(15. apríl 2002.)

Stjórn Samtaka fjárfesta hefur fjallað um frumvarp til laga um ríkisábyrgð á lántökum vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar hf. Lántakan verður í nafni móðurfyrirtækis Íslenskrar erfðagreiningar hf, deCODE Genetics, Inc.

- Stjórn Samtaka fjárfesta lýsir sig mótfallna frumvarpinu í núverandi mynd. Ástæður þess eru fyrst og fremst þær, að með frumvarpinu er horfið frá markaðri stefnu um almennar aðgerðir í efnahagsmálum og teknar upp sértækar aðgerðir. Einnig er teknar upp aftur beinar og óbeinar ríkisábyrgðir á rekstri almennrar atvinnustarfsemi á Íslandi. Óvarleg veiting ríkisábyrgða á lántökum hefur valdið verulegu tjóni í íslensku efnahagslífi.
- Samtök fjárfesta vilja vekja athygli á, að á íslenskum fjármálamörkuðum eru nokkur fyrirtæki, sem vinna að athyglisverðum rannsóknum og þróun. Það er hlutverk ríkisvaldsins að skapa fyrirtækjunum og annarri atvinnustarfsemi viðunandi starfsgrundvöll. Ríkisábyrgð á láni fyrir Íslenska erfðagreiningu hf. raskar starfsgrundvelli sumra þessara fyrirtækja með óeðlilegum hætti og getur beinlínis skaðað þau og fjárfesta, sem að þeim standa.
- Samtök fjárfesta eru þeirrar skoðunar að framlög til rannsókna og þróunar séu of lítil á Íslandi. Það er einnig skoðun Samtaka fjárfesta að of lítil hluti af framlögum til rannsókna og þróunar fari um farveg einkafyrirtækja.
- Það má líta á þessa ríkisábyrgð sem framlag til rannsókna og þróunar. Ríkisvaldið verður þó að tryggja jafnræði með fyrirtækjum þegar veitt eru framlög til rannsókna og þróunar. Það verður að líta á þessa ríkisábyrgð sem sértæka aðgerð, en það er spor afturábak í annars jákvæðri þróun á íslenskum fjármálamarkaði.

Umsögn Lyfjaþróunar hf.
(15. apríl 2002.)

Vegna framangreinds frumvarps vill stjórn Lyfjaþróunar h.f. koma eftirfarandi óskum og sjónarmiðum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Lyfjaþróun h.f. telur sig hafa, með gögnum sem send voru fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptanefnd þann 10. apríl 2002, sýnt fram á með óyggjandi hætti að starfsemi fyrirtækisins sé á sama samkeppnismarkaði og fyrirhuguð starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf.

Lyfjaþróun h.f. leggur því til að framangreint frumvarp verði einnig látið ná til ríkisábyrgðar til handa Lyfjaþróun h.f. og með þeim hætti komið í veg fyrir að óeðlileg samkeppnisstaða skapist á markaðinum.

Hér að neðan kemur fram lýsing á starfsemi og markmiðum Lyfjaþróunar h.f. sem sett er fram í því augnamiði að sýna fram á að Lyfjaþróun h.f. er hátækniyfirtæki sem starfar að nýsköpun á sviði lyfjaþróunar á Íslandi og muni, nái áætlanir þess óhindrað fram að ganga, skapa 90 ný atvinnutækifæri fyrir hámenntað starfsfólk og aðstoðarmenn þeirra á næstu 4-5 árum. Af ofangreindum ástæðum samanlögðum sé því rétt að Lyfjaþróun h.f. verði veitt einföld ríkisábyrgð vegna útgáfu Lyfjaþróunar h.f. á skuldabréfum að fjárhæð allt að 2,9 milljörðum króna, með sömu skilmálum og undir sömu formerkjum og ofangreint lagafrumvarp gerir ráð fyrir.

Rannsóknir og lyfjaþróunarverkefni Lyfjaþróunar hf:

Lyfjaþróun h.f. stundar rannsóknir og þróun á nýjum lyfjum, nýjum lyfjameðferðum og nýjum lyfjaformum. Ný lyf koma annaðhvort frá þriðja aðila eða eru þróuð af Lyfjaþróun h.f. með efnafræðilegri nýsmíði (t.d. lyf við meðferð á kókaínfíkn, lyf við meðferð á liðagigt o.fl.) eða með notkun erfðafræðilegra aðferða og sameindalíffræði (t.d. þróun á nýjum krabbameinslyfjum og veirudrepandi lyfjum o.fl.). Markmið Lyfjaþróunar h.f. er að byggja upp aðstöðu og aðbúnað til að koma þessum lyfjaefnum í gegnum allt þróunarferlið og í gegnum svokallaðan klínískan fasa IIa/IIb.

Á árunum 1991 til ársins 1997 einbeitti Lyfjaþróun h.f. sér að þróun ónæmisglæða, það eru efni sem geta örvað ónæmiskerfi líkamans. Fyrstu efnin fundust árið 1993 og

hófst þá langur og strangur ferill, þar sem sýna þurfti fram á raunverulega virkni þessara efna (í þremur dýrategundum) og að þau hefðu engin skaðvænleg áhrif. Þegar efnin fóru í klínískar prófanir kom í ljós að einstaka þátttakandi fékk aukaverkun af efnunum. Þegar það kom í ljós þurftu að fara fram efnafræðilegar endurbætur á þessum ónæmisglæðum, til að losna við aukaverkanirnar. Þar að auki var mikilvægt að endurbæta eðlisefnafræðilega hegðun efnanna. Þetta tókst árið 1997. Ákveðið var að setja þessi efni í nefúða, enda hentar það mjög í því formi. Lokaafurðin verður í formi nefúða en rétt er að taka skýrt fram, af gefnu tilefni, að lyfja formið (á ensku “drug delivery”) er einungis lítill þáttur í lyfjaþróunarferlum fyrirtækisins. Eins og fram kemur hér að ofan starfar Lyfjaþróun h.f. á sviði lyfjaþróunar, þ.e. allt frá grunnvísindum efnafræðinnar og að endanlegu lyfjaformi.

Frá 1999 hefur fyrirtækið verið að byggjast upp sem lyfjaþróunarfyrirtæki. Það hefur markvisst verið að byggja upp aðstöðu, tækjabúnað og mannskap til að takast á við það verkefni að byggja upp öflugt lyfjaþróunarfyrirtæki hér á Íslandi sem getur komið nýjum lyfjum yfir í klínískan fasa II. Árið 1999 voru starfandi hjá Lyfjaþróun h.f. 9 manns, en eru í dag 33. Áætlanir gera ráð fyrir að fjöldi starfsmanna verði komin í 80 manns á næstu 2 árum og í 120 manns á næstu 4-5 árum.

Í dag er Lyfjaþróun h.f. með 2 útgefin einkaleyfi, á nýjum ónæmisglæðum, efnafræði þeirra og notkun. Lyfjaþróun h.f. er einnig með 6 einkaleyfisumsóknir sem fjalla um efnafræði nýrra virkra efna, nýja rannsóknarferla, nýjar mæliaðferðir og ný lyfjaform.

Lyfjaþróun h.f. hefur gert þrjú nytjaleyfissamninga. Einn við dönsku stofnunina *Statens Seruminstitut* og tvo samninga við *Wyeth* (American Home Products) eitt af 10 stærstu lyfjaframleiðslufyrirtækjum í heimi. Í febrúar 2002 var undirskriftaður 3-10 ára “partnership” samningur við fyrirtækið *Bespak plc* í Bretlandi, en að auki hefur Lyfjaþróun h.f. gert fjölda smærri samstarfssamninga t.d. við *Chiron Co.*, *Organon*, *Servier* svo dæmi séu nefnd. Árið 2000 gerði Lyfjaþróun h.f. samning við *Research Directorate General, European Commission* um þróun á nýjum lyfjum með notkun erfðafræði og sameindalíffræði ásamt nokkrum öðrum fyrirtækjum í Evrópu.

Uppbygging Lyfjaþróunar hf

Lyfjaþróun hf hefur byggt starfsemi sína þannig upp að hægt sé taka ný efni (NCE = new chemical entity), skoða virkni þeirra (þá er kannað hvort efnin hafi áhrif á ýmiskonar viðtaka, á ónæmiskerfið eða aðra líkamsstarfsemi svo dæmi séu nefnd), hvernig þau hegða sér og dreifast í mismunandi líffærum og hvort það séu einhverjar hættur sem geti stafað af efnunum (krabbameinsvaldandi, fósturskemmandi, skaðsemi þess á einstök líffæri o.fl.). Þetta er gert til að kanna hvort þessi nýju efni henti sem lyf. Flest ný efni falla á þessum prófum. Í dag er Lyfjaþróun hf að þróa ný efni til meðhöndlunar á sjálfsöfnæmissjúkdómum eins og liðagigt, veirusýkingum, krabbameini og tannholdsþöglu. Ef hin nýju efni standast þær prófanir sem nefndar eru hér að ofan, er útbúið lyfjaform undir lyfin. Þá eru framkvæmdar ótal dýratilraunir og lyfjagerðarfræðilegar rannsóknir til að kanna notkunarmöguleika efnanna, skammtaform, skammtastærðir, lyfhrifafræðilegar rannsóknir, skoðað verkunarsvið þeirra o.m.fl.. Allt þetta er gert í þeim tilgangi að kannað hvort og hvernig nýta megi efnin sem lyf. Lyfjaþróun er í þann mund að leggja síðustu hönd á uppbyggingu nýrrar tilraunadýrdeildar, hinnar fyrstu sinnar tegundar hér á landi sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til slíkra deilda í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Þessu þróunarferli lýkur síðan með gríðarlegri stöðlunarvinna, lyfhrifafræðilegu áhættumati, eiturefnafræðilegum rannsóknnum og efnafræðilegu gæðaeftirliti áður en sótt er um leyfi til klínískra prófana. Klínísku prófin eru í fjórum fðsum. Stefna Lyfjaþróunar hf er að koma lyfjum í gegnum klíníska fasa II. Mesta vermætaaukningin á sér stað eftir að lyfið hefur farið inn í klíníska fasa og margfaldast verðmætið eftir því sem lengra líður á ferlið. Lyfjaþróun h.f. er m.a. að setja upp aðstöðu til klínískra prófana í húsnæði sínu.

Það er ljóst að allt þetta ferli krefst fjölda starfsfólks með mismunandi bakgrunn. Eftirfarandi starfsgreinar eru nauðsynlegar: efnafræði (efnafræðingar, lífefnafræðingar, eðlisefnafræðingar, eiturefnafræðingar o.fl.), lyfjafræði (lyfjagerðarfræðingar, lyfhrifafræðingar, lyfjaefnafræðingar, eðlislyfjafræðingar, sállyfjafræðinga o.fl.), líffræði (sérfræðinga sem hafa sérhæft sig á mismunandi sviðum lyfja-, líf- og læknisfræðinnar), læknisfræði (ýmis svið innan læknisfræðinnar, rannsóknarsálarfræði dýralæknisfræði o.fl.) en auk þess eðlisfræði, stærðfræði, tölvunarfræði m.a. vegna hugbúnaðargerðar fyrir mismunandi ferla lyfjaþróunar o.fl. fagsvið auk aðstoðarmanna á rannsóknarstofum.

Verðmætasköpun innan Lyfjaþróunar h.f.

Lyfjaþróun h.f. hefur haft það að markmiði að þróa þau lyf sem fyrirtækið vinnur að eins langt og mögulegt er miðað við það starfsfólk, þá aðstöðu og það fjármagn sem fyrirtækið hefur yfir að ráða. Verðmæti lyfjaþróunarverkefna aukast mjög mikið eftir því sem þau komast nær markaðssetningu og því hefur Lyfjaþróun h.f. á síðustu árum verið að ráða til sín hæft starfsfólk og byggt upp nauðsynlega aðstöðu til að framkvæma forklínískar rannsóknir, klínískrar rannsóknir, fasa I, og klínískar rannsóknir, fasa II. Lyfjaþróun h.f. hefur nú þegar framkvæmt fjölda klínískra rannsókna í mönnum, fasa I, hér á landi með góðum árangri.

Lyfjaþróun h.f. hefur allt frá stofnun árið 1991 haft tekjur af rannsóknarverkefnum, styrkjum, einkaleyfum og samstarfssamningum. Nú nýlega náði fyrirtækið mikilvægum áfanga sem felst í 3-10 ára samstarfssamning við breskt fyrirtæki. Samningurinn hefur veruleg áhrif á rekstur Lyfjaþróunar h.f.

Framtíðaráætlanir Lyfjaþróunar h.f. gera ráð fyrir að ný lyf verði þróuð lengra hjá fyrirtækinu áður en leitað er samstarfs við aðra aðila, enda er vermætaaukning umtalsverð náí Lyfjaþróun h.f. að koma lyfjum gegnum klínískar rannsóknir, fasa II. Viðskiptaáætlanir gera ráð fyrir að áfram verði unnið að samstarfsverkefnum og grunnrannsóknnum hjá fyrirtækinu, en auknar áherslur lagðar á þróun eigin verkefna. Til að renna styrkari stöðum undir rekstur Lyfjaþróunar h.f. og draga úr áhættu mun Lyfjaþróun h.f. áfram leita eftir samstarfi við önnur fyrirtæki á þessu sviði. Áætlanir gera ráð fyrir að framtíðartekjur Lyfjaþróunar h.f. felist í: *Sölu á lyfjaþróunarverkefnum* á mismunandi stigum til annarra lyfjaþróunarfyrirtækja, áhersla verður lögð á að þróa verkefni eins langt og hægt er áður en þau eru seld frá fyrirtækinu; *Samstarfssamningaum við þriðja aðila*, t.d. stór lyfjafyrirtæki sem koma að þróun og fjármögnun verkefna; *Tekjum af áfangagreiðslum* vegna þróunarverkefna Lyfjaþróunar h.f. og *tekjum vegna hlutdeildar í sölu á markaðssettum lyfjum*.

Fjármagnsþörf

Kostnaður vegna uppbyggingar fyrirtækisins næstu 5 árin er áætlaður um 6,7 milljarðar króna. Tekjur af einkaleyfum Lyfjaþróunar h.f., styrkjum og tekjum af

samstarfsverkefnum eru á sama tíma áætlaðar um 3,8 milljarðar. Að teknu tilliti til annarra rekstrarþátta er fjárförf Lyfjaþróunar h.f. umfram eigin tekjur á næstu 5 árum áætluð um 2,9 milljarðar króna. Áætlanir gera ráð fyrir að Lyfjaþróun h.f. verði rekin með hagnaði frá og með árinu 2007.

Loks skal það áréttað, sem áður hefur komið fram í bréfi Lyfjaþróunar h.f. til fjármálaráðherra og Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að við þær aðstæður sem nú er fram komnar með lagafrumvarpi því sem hér er til umfjöllunar, er Lyfjaþróun h.f. nauðugur sá einn kostur að sækja um hliðstæða ríkisábyrgð og frumvarpið tekur til. Ber til þessa eftirfarandi ástæður helstar. Samkeppnisaðstöðu Lyfjaþróunar h.f. verður stórlega raskað ef frumvarpið nær fram að ganga án þess að Lyfjaþróun h.f. fái hliðstæða ríkisábyrgð nú þegar með þessu lagafrumvarpi. Þannig háttar til málefnum Lyfjaþróunar h.f., þegar frumvarpið kemur fram, að nú er unnið að fjármögnun þróunarátaks félagsins eins og áður hefur verið lýst. Félagið á nú í viðræðum við bandarískan fjárfestingabanka, sem hefur sýnt áhuga á að sjá um hlutafjárútbod félagsins. Hlutafjárútbóðið byggir á því umhverfi sem fyrir hendi var á Íslandi áður en lagafrumvarpið var lagt fram. Verði það óbreytt að lögum breytast forsendur Lyfjaþróunar h.f. verulega, svo ekki sé meira sagt, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir möguleika fyrirækisins á hlutafjáröflun. Þannig þarf að taka tillit til augljósra minnkandi möguleika á fjölgun starfsfólks, hættu á yfirboðum gagnvart launakjörum, og augljósrar yfirborðastöðu ríkisábyrgðarhafa sem skapast vegna ódýrara fjármagns. Svára þarf spurningum fjárfesta hvers vegna Lyfjaþróun h.f. nýtur ekki sömu aðstoðar ríkisvaldsins og annað íslenskt fyrirtæki sem í hyggju hefur að hefja starfsemi á sama sviði og Lyfjaþróun h.f. en þegar er í gangi samanburður á okkar fyrirtæki og öðrum í þessari grein á alþjóðlegum grundvelli. Af öllu ofangreindu er ljóst að samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir Lyfjaþróun h.f. sem hugsanlega gætu leitt til þess að fyrirtækið þurfi að flytja aðsetur sitt til útlanda.

Fyrir hönd stjórnar Lyfjaþróunar hf.,

Tómas Þorvaldsson,
formaður stjórnar.

Sveinbjörn Gizurarson,
framkvæmdastjóri.

Umsögn Pharmaco hf.
(15. apríl 2002.)

Pharmaco hf. þakkar boð og tækifæri til að hitta nefndina.

Það er mat Pharmaco að fyrirhuguð ríkisábyrgð vegna láns til Íslenskrar erfðagreiningar hafi engin bein áhrif á samkeppnisstöðu Pharmaco hf. á Íslandi. Pharmaco hf. á Íslandi er umboðs- og dreifingaraðili fyrir erlend lyfjafyrirtæki og ekki verður séð að fyrirhuguð ríkisábyrgð hafi bein áhrif á það umhverfi.

Hins vegar er ljóst að hörð samkeppni verður um starfsfólk, sem hefur menntun og reynslu til starfa hjá ÍE og gera má ráð fyrir miklu launaskriði í þeim geira. Margt af starfsfólki Pharmaco hf. á Íslandi hefur slíka menntun og reynslu.

Þess ber hins vegar að geta að sértækar aðgerðir á borð við ríkisábyrgðina sem hér um ræðir gera það að verkum að fyrirtæki á Íslandi sitja ekki við sama borð. Verið er að mismuna hvað varðar aðgengi að lánamarkaði og vissulega mundu margir þiggja ríkisábyrgð til að lækka fjármagnskostnað fyrirtækja.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar.
(15. apríl 2002.)

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar kveður á um heimild til ríkisábyrgðar á útgáfu deCODE Genetics Inc., móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónum dollara til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjaþróunar. Þjóðhagsstofnun álitur að ríkisábyrgð á skuldum einkaaðila og fyrirtækja almennt sé vandmeðfarin og megi einungis réttlæta á hagfræðilegum forsendum í sérstökum undantekningartilfellum. Ríkisábyrgð heftir „hönd markaðarins“ og sökkir samkeppnisstöðu fyrirtækja. Fjármagn og vinnuafli leita í meira mæli til fyrirtækja sem njóta ríkisábyrgðar í stað þess að taka einvörðungu mið af því sem hagkvæmast er hverju sinni. Að jafnaði er við því að búast að ríkinu takist verr upp en fjárfestum sem leggja eigið fé að veði og hafa nánari þekkingu á atvinnustarfseminni.

Í undantekningartilfellum má réttlæta ríkisaðstoð til fyrirtækja á grunni markaðsbresta, þ.e. að markaðir nái illa til allra þeirra verðmæti sem í húfi eru. Á þessum grunni má til dæmis réttlæta afskipti af umhverfismálum. Í því tilfalli sem hér er til skoðunar verður á hinn bóginn ekki séð að slíkir markaðsbrestir séu meiri en það sem gerist víða annars staðar í hagkerfinu. Vegna þess að í því tilviki sem hér um ræðir er um að ræða erlent fjármagn er afleiðingin fyrir íslenskt hagkerfi fyrst og fremst sú að hætta er á að vinnuafli, en raunar aðrir framleiðsluþættir hugsanlega einnig séu notaðir í starfsemi sem ekki hámarkar nýtingu þeirra. Niðurstaðan er að líkum lægra framleiðslustig og lakari lífskjör til lengdar. Almennari aðgerðir sem ekki skekkja samkeppnisstöðu einstakra fyrirtækja, t.d. þær sem snúa almennt að rekstrarumhverfi fyrirtækja, vinnuumhverfi einstaklinga og eflingu menntunar og rannsóknna, eru líklegri til að efla þjóðarhag.

Reikna má með að ríkisábyrgðin leiði til þess að vaxtakostnaður af þeim skuldabréfum sem um ræðir verði lægri en ella. Áhrif ríkisábyrgðar á vaxtakostnað má rekja til möguleikans að starfsemin gangi ekki sem skyldi og deCODE Genetics geti ekki greitt skuldarnar á gjalddaga að fullu. Þá kemur til greiðslu úr ríkissjóði. Fjárhæð þeirra skuldabréfa sem frumvarpið gerir ráð fyrir að ríkisábyrgðin nái til er ekki það há að búast megi við að ríkisábyrgðin hafi út af fyrir sig áhrif á láns hæfis-einkunn íslenska ríkisins. Hins vegar er hún vafalítið neikvæður þáttur við mat á láns hæfi og gæti með öðrum þáttum haft áhrif á einkunnina. Auk mögulegra beinna áhrifa ríkisábyrgðar á stöðu ríkissjóðs og óbeinna áhrifa á framleiðslustig er óvissu háð hvort láns hæfismatsfyrirtækin líta á ríkisábyrgðina sem merki um vilja ríkisins til meiri beinna afskipta af atvinnulífinu en áður.

Ef svo fer að starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar á sviði lyfjaþróunar gengur vel þá getur afraksturinn orðið verulegur enda þótt ríkissjóður muni ekki njóta þess nema á óbeinan hátt. Miðað við almenna reynslu í lyfjaþróunariðnaðinum mun þó væntanlega

líða mjög langur tími uns það kemur í ljós, mun lengri en líftími þeirra skuldabréfa sem ríkisábyrgðinni er ætlað að tryggja. Þá er rétt að hafa í huga að lánveitendur, sem og aðrir fjárfestar, taka möguleikann á góðum árangri til greina við mat á hvort veita eigi fé til fyrirtækisins, ekki síður en ríkið, og því gefur sá möguleiki ekki sérstakt tilefni til ríkisábyrgðar.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson,
forstjóri.

Efnahagslegt mat Seðlabanka Íslands.
(16. apríl 2002.)

Með bréfi sem barst í morgun (dags. 15. apríl 2002) óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir skriflegu efnahagslegu mati Seðlabanka Íslands á því hvort, og þá hvaða, áhrif sú framkvæmd sem lögð er til í frumvarpi til laga um ríkisábyrgð á skuldabréf vegna nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar, 714. mál, kemur til með að hafa á vexti, verðbólgu, gengi og áhættumat.

Seðlabanki Íslands leggur áherslu á að slíkt mat er margbrotið viðfangsefni sem engin leið er að vinna til hlítar á skömmum tíma og undir engum kringumstæðum á einum degi.

Í frumvarpinu kemur fram að fjármagnspörf verkefnisins sé áætluð 35 ma.kr. en upplýsingar um hvernig þeirri fjárhæð verður varið eða nánari tímasetningar einstakra áfanga verkefnisins eru af skornum skammti. Án slíkra upplýsinga verða áhrif þess ekki metin, auk þess sem Seðlabankinn hefur ekki sérfræðipækkingu á mikilvægum þáttum þeirrar starfsemi sem um ræðir og nauðsynlegt er að skoða til þess að meta áhrif framkvæmdarinnar til lengri tíma litið.

Nýlega lagði Seðlabanki Íslands mat á líkleg áhrif virkjana- og stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, meðal annars á innlenda vexti.

Hér er mjög ólíku saman að jafna. Áhrif stóriðju- og virkjanaframkvæmda hafa verið metin ítarlega af Þjóðhagsstofnun og fleiri aðilum. Mat þeirra var lagt til grundvallar mati Seðlabankans á áhrifum á vexti o.fl. Skipting útgjalda vegna fjárfestinga í stóriðju og virkjunum er tiltölulega vel þekkt. Áhrif slíkra framkvæmda á þjóðarbúskapinn eru mikil á byggingartímanum í samanburði við langtímaáhrif þeirra. Þjóðhagsleg áhrif á fyrstu árum þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir eru líklega lítils háttar í samanburði við fyrrnefndar virkjanaframkvæmdir en meiri upplýsingar þarf til að þau verði metin.

Seðlabanki Íslands ræður ekki yfir þeirri sérfræðiþekkingu sem nauðsynleg er til þess að meta áhættu sem framkvæmdinni fylgir og gæti fallið á ríkissjóð verði ríkisábyrgð veitt. Seðlabanki Íslands hefur hins vegar áður lýst þeirri afstöðu sinni til ríkisábyrgða að þær séu almennt ekki heppilegar. Þegar þær eru veittar er nauðsynlegt að ákvarðanir séu teknar á grundvelli ítarlegs mats á þeirri áhættu sem þeim fylgir

Ítrekað skal það sem fram kom á fundi nefndarinnar 15. apríl sl. að þeim matsfyrirtækjum sem meta lánshæfi ríkissjóðs hefur verið gerð grein fyrir þessum áætlunum um ríkisábyrgð sem frumvarp þetta fjallar um. Viðbrögð þeirra allra hafa verið á þann veg að þetta mál eitt og sér hafi ekki áhrif á núverandi lánshæfismat. Hafa fyrirtækin þá litið á þetta sem einangrað tilfelli en ekki sem fráhrarf frá þeirri stefnu sem gilt hefur um ábyrgðir. Eitt fyrirtæki, Moody's, birti reyndar í dag fréttatilkynningu um Ísland þar sem fram kemur að það staðfestir fyrra lánshæfismat á íslenska ríkinu.

Virðingarfyllst,
Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson,
formaður bankastjórnar.

Finnur Ingólfsson,
bankastjóri.

Umsögn Péturs Blöndals, alþingismanns.
(16. apríl 2002.)

Umrætt frumvarp er einfalt og auðskilið. Í 1. gr. segir að fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, sé heimilt, í þeim tilgangi að stuðla að uppbyggingu hátækniönaðar á sviði lyfjaþróunar hér á landi, að veita einfalda ábyrgð vegna útgáfu móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar ehf., deCODE Genetics Inc., á skuldabréfum að fjárhæð allt að 200 milljónir USD til fjármögnunar nýrrar starfsemi Íslenskrar erfðagreiningar ehf. á sviði lyfjaþróunar. Í 2. gr. er venjulegt ákvæði um gildistöku en einnig að einungis 5. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir skuli gilda um þá ábyrgð sem rætt er um.

Hins vegar eru afleiðingar frumvarpsins, verði það að lögum, ófyrirséðar, bæði pólitískt, fjárhagslega og efnahagslega.

Stefnubreyting ríkisstjórnar.

Þegar fyrsta ríkisstjórn Davíðs Oddsonar tók við upp úr 1991 var tilkynnt að tími sértækra aðgerða í efnahagsmálum væri liðinn. Nú yrðu teknar upp almennar aðgerðir sem gagnast öllum fyrirtækjum og einstaklingum jafnt. Hætt yrði að mismuna atvinnugreinum og einstökum fyrirtækjum. Bitur reynsla og dýrkeypt fyrir þjóðarþúið og þar með lífskjör þjóðarinnar höfðu fengist af langri keðju sértækra ráðstafana. Atvinnutryggingasjóður, Hlutfjár sjóður, laxeldi, refa- og minkarækt eru dapurleg dæmi um það. Þessar sértæku aðgerðir leiddu til lakari stjórnunar hjá styrktum fyrirtækjum og skekktrar samkeppni styrktra fyrirtækja við hin betur reknu, sem urðu undir auk þess að kosta ríkissjóð of fjár.

Sértækar aðgerðir skaða atvinnulífið því þær fresta því að tekið sé á vandamálum í stjórnun, eðlilegri fjármögnun sé beitt og þær skaða fjármálamarkaðinn, því hann þarf að keppa við niðurgreitt lánsfé. Sértækar aðgerðir trufla vinnumarkaðinn, því fyrirtækin með ódýra lánsféð keppa við önnur velrekin fyrirtæki um starfsfólk og skaða þau.

Þegar almennar aðgerðir höfðu verið framkvæmdar í nokkur ár fór árangur þeirra að skila sér. Hagur fyrirtækja batnaði, samkeppni óx og fyrirtækin gátu farið að greiða hærri laun. Laun hafa síðan hækkað meira en annars staðar að raungildi og atvinnuleysið hvarf. Upp kom staða sem kölluð hefur verið góðæri.

Þessi þróun er í samræmi við þróun erlendis, þar sem verið er að snúa frá sértækum aðgerðum til almennra enda er það í samræmi við viðurkennd lögmál markaðarins. Treyst er á hina duldu hönd markaðarins í stað hinnar dauðu handar ríkisofstjórnar.

Enn er þó langt í land að atvinnulífið sé laust undan oki ríkisins og má nefna orkugeiran og heilbrigðis- og menntageiran, sem enn er að mestu í opinberri eigu. Svo er húsnæðislánakerfið rekið með ríkisábyrgð og ógreiddir eru hundruð milljarða í lífeyrisskuldbindum ríkisins.

Fyrirliggjandi frumvarp er breyting á þessari stefnu ríkisstjórnarinnar án þess að fyrir liggja rök fyrir því að sú fyrri hafi brugðist. Fjarri því eins og lýst hefur verið hér að ofan. Reyndar er

reynt að láta líta þannig út að þetta sé eitt einstakt dæmi sem skapi um 300 rannsóknar- og vísindastörf. En það er nokkuð víst að fleiri svipuð tækifæri munu bjóðast ef í boði verða 60% fjármögnun með ríkisábyrgð og að hvert starf megi kosta 90 mkr. Vegna jafnræðisreglunnar verður illa hægt að hafna slíkum beiðnum. Sérstaklega ef áhættan er jafnari en í þessu dæmi, sem ber óvenju ójafna áhættu. (Punkt-áhættu.)

Tegundir áhættu

Rekstraráhætta-eintakaáhætta.

Öllum rekstri fylgir áhætta og gjaldþrotalíkur en sú áhætta er mjög mismunandi eftir eðli rekstursins. Áhættunni má skipta í venjulega rekstraráhættu og eintaka-áhættu. Venjuleg rekstraráhætta stafar t.d. af samkeppni, markaðsstarfi, verðbreytingum á framleiðslu og aðföngum, launabreytingum, gengisbreytingum, verkföllum, opinberum aðgerðum og náttúruhamförum. Flest fyrirtæki framleiða þúsundir eða milljónir eininga af vörum eða þjónustu. Ef eitt eintak bregst eða er gallað er því einfaldlega hent án þess að hafa áhrif á rekstur fyrirtækisins. Önnur fyrirtæki framleiða fá en mjög verðmæt eintök af vörum. Þá bætist við sú áhætta að ein af þessum fáu vörum sé gölluð og þurfi að henda eða seljist ekki. Þetta á t.d. við um kvikmyndagerð (ein til 3 kvikmyndir), hugbúnaðargerð (varan er eitt eða tvö forrit.) og lyfjaþróun (það tekst að framleiða ekkert, eitt eða tvö lyf).

Vegna þess hve hagnaður er mikill ef ein eða fleiri vörur seljast hljóta líkur á gjaldþroti (þ.e. engin vara selst) að vera mjög miklar. Ella væri um of góðan fjárfestingarkost að ræða. Líklega eru gjaldþrotalíkurnar jafnvel 50% til 95%. Ef tekst að selja eitt eða fleiri eintök er hagnaðurinn yfirleitt mjög mikill sem bætir upp væntanlegt tap. Líta má á slíka eintaka-áhættu sem punkt-áhættu. Annað hvort eða.

Hægt er að meta verðmæti (gengi) sérhvers fyrirtækis sem vænt gildi (expectation value) af líkum (probability) á ákveðnu gengi sinnum gengið. Ef verðmætið er mjög mikið hljóta líkurnar að vera litlar.

Áhætta samkvæmt frumvarpinu.

Ekki er fjallað um áhættu eða líkur í greinargerð með frumvarpinu og er það miður. Hér er því gískað á ýmsar líkur til að gera áhættuna ljósari. Er þá átt við líkur til þess tímapunkts, þegar gera þarf ríkisábyrgðina upp.

Sú áhætta sem hér um ræðir, lyfjaþróun með nýrri aðferð, er greinilega eintaka-áhætta. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þróun og markaðssetning 1-2 lyfja hafi í mörgum tilfellum haft afgerandi áhrif á rekstrargrundvöll og uppbyggingu einstakra fyrirtækja og að áætlað sé að heildarkostnaður við þróun nýs lyfs sé á bilinu 5-800 milljónir dala eða 50 til 80 milljarðar króna. Ennfremur segir í greinargerðinni að á grundvelli sérstöðu í líffræði- og erfðafræðirannsóknnum telji ÍE sig geta beitt nýjum aðferðum við að þróa lyf sem lækka þróunarkostnað og þar með heildarkostnað við lyfjagerð um 30-40%. Og að sú aðferðafræði að nota lýðerfðafræði við þróun lyfja sé að slíta barnskónum. Afskaplega spennandi aðferðir en þær auka enn á áhættuna því þær eru nýjar og gætu mislukkast.

Ef ekkert annað kæmi til er hér sennilega um hreina punkt-áhættu að ræða. Líkur á því að finna ekkert lyf gætu kannski verið 90%. Líkur á að finna eitt lyf eða fleiri er kannski 10%. Líkur á gjaldþroti (gengi = 0) eru þá 90% og líkur á afar góðri niðurstöðu (gengi \geq 100) væru 10%. Ekkert þar á milli. En fyrirtækið hyggst dreifa og milda áhættuna með sölu á efnasamböndum og rannsóknum á mismunandi stigum til annarra lyfjaþróunarfyrirtækja, með samstarfssamningum við þriðja aðila og með þróun á efnasamböndum frá þriðja aðila. Án þess að hafa upplýsingar um fyrirhugað umfang þessarar starfsemi má gíska á að gjaldþrotalíkur (gengi=0) verði 60%. Líkur á sæmilegri afkomu ($0 < \text{gengi} < 5$) verði 30% og að líkur á afar góðri niðurstöðu (gengi \geq 100) væru áfram 10%. Eðlilegt er að slíkar upplýsingar hefðu komið fram í greinargerð með frumvarpinu, þar sem þær eru forsenda þess að hægt sé að taka afstöðu til ríkisábyrgðarinnar, sem jafna má til fjárfestingar eins og sýnt er hér á eftir.

Ríkisábyrgð-lán-hlutabréfakaup

Hver er munur á ríkisábyrgð á láni fyrirtækis, beinni lánveitingu til fyrirtækisins og kaup á hlut í fyrirtækinu?

Ríkisábyrgð - Bein lánveiting ríkissjóðs:

Enginn munur er á beinni lánveitingu ríkisins til fyrirtækis og einfaldri ríkisábyrgð á lán, sem fyrirtækið tekur á markaði gagnvart áhættu. Ef fyrirtækið getur ekki greitt lánið að fullu verður gengið að því í báðum tilfellum og restvirði þess gengur til að greiða lánið. Ríkissjóður greiðir það sem á vantar í báðum tilfellum og fyrirtækið verður gjaldþrota. Ef aftur á móti fyrirtækið á nægt eiginfé eða hefur trú fjárfesta þannig að það getur greitt lánið þarf ríkissjóður ekkert að greiða.

Ríkissjóður getur alveg eins selt eigin skuldabréf á markaði og lánað fyrirtækinu andvirðið eins og að veita ríkisábyrgð á skuldabréf fyrirtækisins sem svo selur þau á þessum sama markaði með svipuðum kjörum. Það er því enginn eðlismunur á beinni lánveitingu ríkissjóðs til fyrirtækisins og ríkisábyrgðar á skuldabréf fyrirtækisins nema varðandi leiðir til innheimtu. Áhættan er í stórum dráttum sú sama.

Bein lánveiting ríkissjóðs - Kaup ríkissjóðs á hlut í fyrirtækinu:

Munur er á beinni lánveitingu ríkissjóðs til fyrirtækisins og kaupum ríkissjóðs á (segjum 60%) hlut í fyrirtækinu. Ef illa gengur og eigið fé eða traust fjárfesta nægir ekki til greiðslu á láninu fer fyrirtækið í gjaldþrot og lánið greiðist bara að hluta. Hlutafjáreign þýðir hins vegar að fyrirtækið fer ekki endilega í gjaldþrot en eignin getur orðið harla lítils virði og jafnan minna en það sem fæst greitt upp í lán. Ef hins vegar gengur vel eða mjög vel fæst lánið greitt upp en ekkert umfram það. En störfín haldast en glatast við gjaldþrot. Þannig er skynsamlegt og í samræmi við markmið frumvarpsins að kaupa heldur hlut í fyrirtækin en að veita því ríkisábyrgð. Það skaðar fyrirtækið að veita því ríkisábyrgð/ríkislán í stað þess að kaupa hlut í því og ógnar þeim 600 störfum, sem þegar eru til hjá fyrirtækinu hér á landi.

Hlutur í fyrirtækinu tekur hins vegar þátt í velgengninni og getur tekið miklum hækkunum. Auk þess þarf fyrirtækið að greiða vexti af láninu óháð afkomu en arðgreiðslur til hluthafa eru háðar afkomunni. Ríkisábyrgð (=lán) eykur enn á áhættu fyrirtækisins.

Miðað við skálduðu forsendurnar hér að framan fæst eftirfarandi:

		Tap gróði ríkissjóðs. Mrð króna	
Staða	Líkur Skáldað!	Ríkisábyrgð eða lán Gjald 4%/ár	Keyptur 50% hlutur Enginn arður
Gjaldþrot Ekkert greitt	60%	-20 + 5 = -15	-15
Gjaldþrot Lán greitt að hluta	10%	-10 + 5 = -5	-15+6=-9
Gengi 0-5. Lán greitt að fullu	20%	+6	-15+37=22
Gengi 100. Lán greitt að fullu	10%	+6	-15+1500=1485
Vænt gildi:		-8	143

Ath. Fyrirtækið er eins sett með hlutafjárkaup fyrir 15 milljarða króna eins og ríkisábyrgð fyrir 20 milljarða króna og 4% ríkisábyrgðargjald á ári.

Áhætta ríkissjóðs.

Eins og sést hér að framan er ríkissjóður að hætta 20 milljörðum króna en fær ekki nema 5-6 milljarða í mesta lagi fyrir áhættuna. (Er þá gert ráð fyrir 4% ríkisábyrgðargjaldi, en það kemur hvergi fram í frumvarpinu.) Hann mun með töluverðum líkum tapa þessu fé. Hann fær ekkert sérstak fyrir sinn snúð þó dæmið gangi upp að fullu.

Markmið lagasetningarinnar.

Í greinargerð með frumvarpinu stendur að þessi aðkoma hins opinbera byggji á markmiðum ríkistjórnarinnar um eflingu hátækniöðnaðar hér á landi og mótun eftirsóknarverðra skilyrða fyrir starfsemi sem rekin er í alþjóðlegu umhverfi. Þannig yrðu rannsóknir og þróun eflid og sköpuð háteknjustörf fyrir háskólafolk og stuðlað að því að byggja upp vísindasamfélag.

Hvers vegna er ekki stefnt að þessum markmiðum með almennum hætti? T. d. mætti auglýsa: Íslensk stjórnvöld veita ríkisábyrgð fyrir 200 mUSD sem mega nema allt að 60% af fjárfestingu og skal fjárfestingin skapa 300 störf á sviði rannsókna og þróunar á Íslandi og stuðla að sköpun vísindasamfélags þar. Þannig mætti fá til landsins nýja starfsemi með hugsanlega miklu jafnari áhættu en hér stendur til boða.

Nokkur atriði

Fjárfestingarákvörðun:

Þegar fjárfestar ætla að ráðstafa 200 mUSD til nýsköpunar er legið yfir slíku verkefni í svona 3-4 mánuði með her sérfræðinga á því sviði, sem um ræðir. Skoðaðar eru allar mögulega og ómögulegar áhættur, sem upp geta komið. Enn fremur er farið gagnrýnið yfir viðskiptaáætlun og metnar gjaldþrotalíkur. Dreifing væntanlegs hagnaðar er metin. Ekki hefur komið fram að slík vandleg skoðun hafi farið fram. Er það með ólíkindum að þingmenn skuli vera settir í þá stöðu að taka slíka fjárfestingarákvörðun fyrir hönd ríkissjóðs á viku. Og það í atvinnugrein, sem er nánast óþekkt hér á landi. Það verður spennandi að sjá hversu margir þingmenn telja sig geta sest í stól slíkra sérfræðinga og framkvæmt slíka skoðun og tekið síðan ákvörðun á grundvelli hennar.

Þeir sem hafa í hyggju að taka stórar fjárfestingaákvörðanir ættu að hyggja að þeirri gullni reglu að menn eiga að fjárfesta í því sem þeir kunna best. Ég leyfi mér að efast um að nokkur þingmanna hafi vit á lyfjaþróun.

Áhrif fréttarinnar á gengi Decode

Það hafði engin áhrif á gengi Decode á Nasdaq þegar fréttin barst um að fyrirtækið fengi ríkisábyrgð á 200 mUSD lán. Af því má draga þá ályktun að markaður með bréf fyrirtækisins sé svo ófullkominn að hann bregðist ekki við fréttum eða að markaðurinn meti það svo að ríkisábyrgðin vegi nákvæmlega upp það óhagræði, sem felst í því að flytja starfsemina til Íslands. Ef þessi túlkun er rétt er verið að veita ríkisábyrgðina til að yfirvinna þetta óhagræði. Það ætti að vekja menn til umhugsunar.

Eðlilegt staðarval. Uppáskrift.

Verið er að kaupa rekstur frá Boston fyrir 20 mrd kr. og skekkja þannig eðlilegt staðarval með íslensku skattfé. Þetta eru 70 þkr. á hvert mannsbarn eða tæpar 300 þkr. á 4 manna fjölskyldu. Það er gert á sama tíma og almenningur er varaður við að skrifa uppá. Þingmönnum er ætlað að skrifa uppá þessa upphæð fyrir hönd alls almennings. Þetta er ákveðið á sama tíma og erlendrar skuldir þjóðarinnar hafa aldrei verið hærri.

Lánsfjármögnun-hlutafé.

Það er talið eðlilegt og er regla alls staðar að áhætturekstur eins og hér um ræðir sé fjármagnaður með áhættufé, hlutafé, en alls ekki með lánsfé. Hér er gengið þvert á þá reglu. Róleg áhætta og gamagróinn rekstur er gjarnan fjármagnaður allt að 50% með lánsfé. Hér er ætlunin að fara í tæp 60% í verulegum áhætturekstri.

Um 2.gr.

Í greinargerð stendur. "Varðandi greiðsluhæfi skuldara má benda á að eigið fé deCODE var í lok árs 2001 rúmlega 17,5 milljarðar króna. Hvað varðar afskriftarþörf vegna áhættu er, með hliðsjón af sterkri eiginfjárstöðu skuldara, ekki talin þörf á sérstöku framlagi á afskriftareikning á þessu stigi." Við þetta má gera þá alvarlegu athugasemd að fyrirtæki eins og Decode er ætlað að starfa í fjölda ára án hagnaðar vegna eðlis starfseminnar. Miðað við

taprekstur síðasta ár nægir þetta eigið fé til 4 ára rekstur. Svo það er ekki gæfulegt að reikna með því til að standa að baki 20 milljarða króna ábyrgð.

Ég undirritaður er ekki hlynntur þessu frumvarpi og legg til að því verði hafnað. Ef ekki verður fallist á það legg ég til að því verði breytt í þá veru að ríkissjóði verði heimilað að fjárfesta fyrir allt að 15 milljarða króna í fyrirtækinu. (Það jafngildir 20 milljarða króna ríkisábyrgð vegna ábyrgðagjaldsins í 7 ár.)

Reykjavík, 16. apríl 2002,

Pétur Blöndal,
alþingismaður.